



20 árum síðar

Páll Óskar og fleiri rifjuðu
upp fræga uppsetningu MH
á Rocky Horror.

fólk 22

Gagnlegt fyrir fiskeldi

Ný aðstaða til rannsókna
á smitsjúkdómum í fiski
verður tekin í notkun í
Fræðasetrinu í Sandgerði.

tímamót 18




Stórsigur hjá Chelsea

Chelsea-menn eru að
komast í gang í enska
boltanum.

sport 25

veðrið í dag



ÚRKOMULÍTIÐ í dag verða víðast
vestan 3-8 m/s. Lítils háttar væta
V-til en annars þurrt að mestu og
bjart eystra. Hiti 0-8 stig.

VEÐUR 4

Mönnum vísað frá er þeir mæta í afplánun

Öll fangelsi landsins eru yfirfull og dæmi eru um að dæmdum mönnum sé vísað frá þegar þeir mæta í boðaða afplánun. Rúmlega 300 á boðunarlista. Fangelsismálastjóri segir ástandið óþolandi. Álagið á fangelsin verði ekki aukið frekar.

FANGELSISMÁL „Öll fangelsin eru yfirfull, tvímennt í klefa þar sem það er mögulegt og við höfum þurft að vísa mönnum frá sem mætt hafa til afplánunar auk þess sem fangar hafa verið vistaðir á lögreglustöðvum.“

Þetta segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar. Páll segir að brotamenn hafi verið boðaðir til afplánunar með góðum fyrirvara svo þeir gætu undirbúið sig. Þegar á hafi reynt hafi gæsluvarðhaldsfangar verið komnir í klefana og mennirnir því ekki getað hafið boðaða afplánun.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gerist það mörgum sinnum í viku að boðaðri afplánun sé

300 brotamenn og rúmlega það eru á svokölluðum boðunarlista Fangelsismálastofnunar.

frestað. Slíkt getur tekið á fyrir brotamenn því þeir þurfi ekki bara sjálfir að undirbúa sig heldur einnig fjölskyldur og jafnvel vinnuveitendur.

Að undanförunu hafa óvenjumargir verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Páll segir stöðuna nú keyra langt úr hófi fram. „Ástandið er óþolandi,“ segir hann. „Nú sæta tuttugu

og fjórir einstaklingar gæsluvarðhaldi.“

Páll segir öll einangrunarpláss fullsetin. Á síðustu tíu dögum hafi þurft að vista átta gæsluvarðhaldsfanga á lögreglustöð.

„Við höfum lengi starfað undir miklu álagi en nú er svo komið að það álag verður ekki aukið,“ segir hann. „Skiljanlega gera lögmenn þeirra sem vistaðir eru í fanga-klefum lögreglu athugasemdir við það en við höfum einfaldlega ekkert val þegar allt er troðfullt.“

Páll minnir á að lengi hafi staðið til að byggja nýtt fangelsi. „Ef fangelsið verður ekki byggt þegar í stað lendum við í enn frekari vandræðum.“

-jss



NÝ PLATA Lovisa leitar að gömlum ljóðum og semur við þau lög.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lay Low vinnur að plötu:

Semur lög við ljóð skáldkvenna

FÓLK Tónlistarkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, vinnur nú að þriðju breiðskífunni sinni.

Ljóð íslenskra skáldkvenna á borð við Vilborgu Dagbjartsdóttur, Margréti Jónsdóttur og Huldu verða í hlutverki á plötunni, en Lovísa vinnur að því að semja við þau lög. „Ef það eru einhver ljóð sem snerta mig eða eru áhugaverð tek ég þau frá og safna í bunka,“ segir Lovísa. „Svo þegar ég er í stuði reyni ég að semja lög við ljóðin.“ - aff / sjá síðu 30



VONBRIGÐI Strákarnir okkar voru miður sín eftir átta marka tap gegn Spánverjum í gær. Slök frammistaða liðsins í fyrri hálfleik gerði út um vonir um sæti í undanúrslitum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Strákarnir okkar á HM:

Óvissa um Ólympíusætið

HM 2011 Íslenska landsliðið stendur í ströngu í dag þegar lokaumferð í milliriðlum fer fram. Ísland er enn í baráttu um að ná einu af sjö efstu sætum, sem skila sæti í forkeppni Ólympíuleikanna. Liðið er í 3. sæti í milliriðlinum fyrir leiki dagsins en mætir heims-, Evrópu- og Ólympíumeisturum Frakka klukkan 19.45 í kvöld.

Haldi Ísland 3. sætinu spilar liðið um fimmta sæti á mótinu en Íslendingar gætu hins vegar þurft að spila um 9. sætið tapi þeir fyrir Frökkum á sama tíma og Ungverjar vinna Spán og Þjóðverjar vinna Norðmenn. Ísland ætti þá ekki lengur möguleika á því að komast á Ólympíuleikana í London 2012 nema með því að verða Evrópumeistari í Serbíu á næsta ári.

- óój / sjá bls. 24 og 26


Meirihluti landsmanna vill að nýtt samkomulag í Icesave-deilunni verði staðfest:

Um 56% styðja samkomulagið

KÖNNUN Meirihluti landsmanna vill að samkomulag sem náðst hefur við bresk og hollensk stjórnvöld í Icesave-deilunni verði samþykkt, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Alls sögðust 56,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja að samkomulagið yrði samþykkt en 43,6 prósent vildu að því yrði hafnað. Könnunin var gerð miðvikudaginn 19. janúar síðastliðinn.

Þegar afstaða fólks er skoðuð með hliðsjón af því hvaða flokk það segist myndu kjósa ef gengið yrði til þingkosninga nú kemur í ljós að meirihluti stuðningsmanna Samfylkingarinnar, Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Framsóknarflokks vill staðfesta samkomulagið.



Aðeins meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins vill meirihlutinn hafna samkomulaginu. Af þeim sem styðja Sjálfstæðis-

flokkinn vilja um 47 prósent að samkomulagið verði staðfest en 53 prósent vilja hafna því.

Stuðningsmenn Samfylkingarinnar eru áköfustu stuðningsmenn þess að Icesave-samkomulagið verði staðfest. Tæplega 71 prósent þeirra sem kjósa myndu flokkinn vill að samkomulagið verði staðfest en 29 prósent eru því andvíg.

Stuðningurinn er minni innan Vinstri grænna; 56 prósent stuðningsmanna flokksins vilja samþykkja Icesave-samkomulagið en 44 prósent vilja hafna því. Hjá þeim sem kjósa myndu Framsóknarflokkinn vilja 60 prósent staðfesta samkomulagið en 40 prósent hafna því.

- bj / sjá síðu 12

Fyrir krakkana!
Bráðskemmtileg
þorrasaga

MÁL OG MENNING
www.fortagid.is

BLÓTUM NÚ!
ÓMISSANDI
FRÓÐLEIKSRIT

MÁL OG MENNING
www.fortagid.is



Patrick, er rússneska heklið nýtt af nálinni?

„Já, miðað við venjulegt hekl og þrjón er það bara smábarn.“

Patrick Hassel Zein, hugbúnaðarsérfræðingur og forritari, er með í smíðum sína aðra bók um rússneskt hekl.



Í AÐALHLUTVERKI Andreu Ösp þykir frábært að búa í Los Angeles.

MYND/JÓNÍNA ARADÓTTIR

Andrea Ösp Karlisdóttir:

Gerir það gott í Hollywood

FÓLK Kvikmyndir Andreu Ösp Karlisdóttir leikur aðalhlutverk í myndinni Tell My Heart How sem verður frumsýnd í Los Angeles á föstudaginn og var send á kvikmyndahátíðina í Cannes í fyrra.

„Nánast önnur hver manneskja í Hollywood er leikari svo lífsbaráttan snýst um að vinna sig áfram, þá gildir dugnaður, ákveðni og vinnusemi,“ segir Andrea, sem býr í Los Angeles og lauk þar leiklistarnámi í mars 2010.

- gun / sjá Allt í miðju blaðsins

Skýrsla FME um SP-KEF:

Regluverkið sagt í ólestri

EFNAHAGSMÁL Reglum um útlán og áhættustýringu var mjög ábótavant hjá SP-Kef samkvæmt skýrslu Fjármálaeftirlitsins (FME). Einnig er talið að stjórn sparisjóðsins hafi ekki sinnt eftlitshlutverki sínu. RÚV greindi frá málinu í fréttum í gærkvöld.

Samkvæmt skýrslu FME voru einungis sum lán sem fóru fyrir lánanefnd og voru dæmi þess að ekki var upplýst um lán sem sparisjóðsstjórnin hafði samþykkt. Þá er regluverk sjóðsins í heild sagt í ólestri. Verðmat á óskræðum hlutabréfum í eigu sjóðsins hafi verið villandi og eignirnar ofmetnar. Skýrslan var unnin í september 2008.

- sv

Viðræður milli verkalyðshreyfingarinnar og atvinnurekenda stranda á kröfum um sjávarútvegsmál:

Aukin harka hlaupin í kjaraviðræðurnar

KJARAMÁL Óvissa er um framhald kjaraviðræðna eftir að fundi Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) lauk án niðurstöðu í gær. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir viðræður við stjórnvöld og SA hafa verið á jákvæðu nótunum.

„Hins vegar setti það málið í strand að atvinnurekendur halda fast við þá hótun sína að það verði ekki hægt að ljúka kjarasamningi nema fyrir liggi niðurstæða um sjávarútvegsmálin.“

Gylfi segir verkalyðshreyfinguna ekki vilja „leggja atvinnurekendum þetta vopn í hendur“.

Gylfi segir þessa kröfu SA setja allt tal um samráð og langtímasamninga í uppnám. Aðildarfélag ASÍ hafi frá upphafi lagt upp með að gera samning til skemmri tíma og það standi óhaggað.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir í samtali við Fréttablaðið að framtíðarsýn SA gangi út á að fjárfestingar í atvinnulífinu skapi ný störf og því sé ekki hægt að skilja sjávarútveginn í óvissu um framtíð sína.

SA bíður því eftir að staðan verði skýrð með lagasetningu.

Aðspurður segir Vilhjálmur að ekki komi til greina að ræða samninga til skamms tíma.

„Við erum ekki að tala um neina aðra samninga en langtímasamninga því að skammtímasamningar viðhalda óvissu og því ástandi að ekki er verið að fjárfesta í atvinnulífinu. Annað hvort fara menn í þessi mál af viti eða bíða.“ - þj



VILHJÁLMMUR EGILSSON

GYLFI ARNBJÖRNSSON

Sveik rándýran páfagauk af Furðufuglum

Nítján ára piltur hefur verið ákærður fyrir innbrot og þjófnað úr tugum sumarbústaða. Hann sveik líka út varning fyrir tvær og hálfa milljón króna, þar á meðal páfagauk fyrir hálfa milljón og símainneignir fyrir rúma milljón.

DÓMSMÁL Nítján ára piltur hefur verið ákærður fyrir fjölmörg þjófnaðar- og fjársvikamál. Meðal annars er hann ákærður fyrir að hafa svikið út páfagauk, búr og fóður fyrir rúmlega hálfa milljón úr versluninni Furðufuglum. Gaukurinn er af sjaldgæfri tegund, svokallaður grænvængjaður arnpáfi, og með dýrari fuglum í heimi. Hann sveik pilturinn út á stolið greiðslukortanúmer í gegnum síma og nefndi hann Húgó.

Pilturinn sem um ræðir stóð ýmist einn að brotunum eða í samvinnu við tvo aðra pilti sem einnig eru ákærðir í málinu. Þeir eru sextán og sautján ára gamlir.

Brot piltanna voru mikið í fréttum þegar þeir fóru eins og logi yfir akurísumar-bústaða-hverfum á Suðurlandi og Vesturlandi, brutust þar inn og létu greipar sópa.

Allir eru piltarnir ákærðir fyrir að hafa brotist í sameiningu inn í sautján sumar-bústaði í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þar stálu þeir einkum flatskjám, myndavélum, kíkjum og hljómlutningstækjum. Þá eru þeir ákærðir fyrir að stela bíl sem stóð í Grasagarðinum í Laugardal í Reykjavík. Hann notuðu þeir til að komast austur í sumar-bústaðahverfið þar sem þeir brutust inn.

Þá er höfuðpaurinn, sá nítján



PÁFAGAUKUR Pilturinn sveik út páfagauk af þeirri tegund sem sjá má á myndinni, auk búrs og matar fyrir hann. Gaukurinn nefndi hann Húgó.

ára, ákærður fyrir að brjótast, ásamt sextán ára piltinum, inn í ellefu sumar-bústaði til viðbótar, einnig í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þar stálu þeir einnig allmörgum flatskjám, svo og myndavélum, myndbandsupptökuvél og fleiri tækjum. Þeir hirtu nær einungis dýr tæki þar sem þau voru til staðar, en í einstaka tilfellum fengu aðrir munir að fylgja með, svo sem vifta og tuskuhundur.

Höfupaurinn var ákærður fyrir stórfelld fjársvik, eins og að ofan greinir. Samtals sveik hann út vörur og þjónustu út á stolin greiðslukortanúmer fyrir um tvær og hálfa milljón króna. Mestu stal hann frá fyrirtækinu Nova ehf. eða samtals nær 1,2 milljóna andvirði í símainneignum.

Sautján ára pilturinn er svo ákærður fyrir þjófnað úr þremur verslunum og akstur undir áhrifum fíkniefna.

jss@frettabladid.is

Jón Arnþórs-son látinn

Jón Sveinbjörn Arnþórs-son, stofnandi Iðnaðarsafnsins á Akureyri, er látinn, 79 ára að aldri.

Jón lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1951 og cand. phil. prófi frá Háskóla Íslands 1952. Hann vann lengst af fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga.

Jón var virkur í félagsstörfum. Hann var forseti JC á Íslandi, formaður Knattspyrnufélags Akureyrar, umdæmisstjóri Rótarýhreyfingarinnar á Íslandi og í stjórn Leikfélags Akureyrar.

Jón hlaut Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 2008 fyrir framlag til varðveislu íslenskrar verkunnáttu og safnameningar. Eftirlifandi eiginkona Jóns er Gisela Rabe-Stephan.



Þingfundur hefst klukkan tvö:

Kosið í stjórn Ríkisútvarpsins

ALÞINGI Kosning fimm manna stjórnar Ríkisútvarpsins er meðal þess sem er á dagskrá Alþingis í dag.

Þingfundur hefst á óundirbúnum fyrirspurnum til ráðherra en að auki eru áformaðar umræður um nokkur þingmannamál, til dæmis um göngubrú yfir Ölfusá, gegnsæ hlutafélag, trúarbragðafræðslu og fræðslu um skaðsemi áfengis.

Á fundi iðnaðarnefndar verður fjallað um tvær þingsályktunartillögur sem lúta að atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum.

- bps



SIEMENS

Pvottavél og þurrkari frá Siemens.

Einstök gæði. Góð þjónusta.

Þetta eru tækin handa þér!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Vistmaður á skammtímaheimili fyrir fatlaða missti stjórn á sér:

Réðst á barnshafandi starfskonu

LÖGREGLUMÁL Lögregla og sjúkralið voru kvödd að skammtímaheimili fyrir fatlaða á Holtavegi í Reykjavík aðfaranótt sunnudags eftir að vistmaður á heimilinu réðst á barnshafandi starfskonu.

Konan var ein á vakt á heimilinu, þar sem voru sjö vistmenn. Einn þeirra, 24 ára karlmaður, missti stjórn á sér þegar honum var sagt að fara að sofa á fjórða tímanum um nóttina. Hann reif í hár konunnar og lét högg og spörk dynja á andliti hennar og líkama.

Konunni rétt tókst að loka sig af í öðru herbergi í þann mund sem maðurinn greip stól og reiddi hann til höggs. Hann kastaði stólnum á eftir henni og litlu munaði að hann hefði hana. Þegar konan hafði lokað sig af yfirgaf maðurinn heimilið en foreldrar hans höfðu uppi á honum skömmu síðar.



LANDSPÍTALINN Í FÖÐVOGI Konan var flutt á slysa- og bráðadeild með áverka um allan líkamann.

Konan var flutt á slysa- og bráðadeild, alblóðug, marín um allan líkamann, með áverka á hendi og í andliti og brákað rófubein. Henni tókst þó að skýla kvið sínum og svo virðist sem hún hafi varnað því að

fóstrið bæri skaða af árásinni. Snædís Sigurjónsdóttir, forstöðumaður heimilisins, vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið í gær vegna trúnaðar um málefni vinnustaðarins.

- sh

SKJÁREINN BESTA DAGSKRÁIN FRÁ UPPHAFI







AÐEINS

2.890 KR.

Á MÁNUÐI

Hringdu núna og tryggðu þér áskrift
(síma 595 6000 eða farðu inn á skjareinn.is)



thegoodwife

Á þriðjudagskvöldum kl: 21.50

Góða eiginkonan Alicia snýr aftur í þáttunum The Good Wife sem slógu rækilega í gegn á síðasta ári. Stórleikkonan Julianna Margulies hlaut m.a. Golden Globe fyrir hlutverk sitt.

Horfðu á uppáhaldspáttinn þinn í **SkjáFrelsi** þegar þér hentar.



EKKERT
VENJULEGT
SJÓNVARP

SkjáFrelsi VOD, SkjáFrelsi og SkjáHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Íslandi+ fást aðgangur að SkjáFrelsi og SkjáFrelsi.

EN NEW / S / A / IN 45123

GENGIÐ 24.01.2011			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	117,06	117,62
	Sterlingspund	186,60	187,50
	Evra	158,77	159,65
	Dönsk króna	21,299	21,423
	Norsk króna	20,079	20,197
	Sænsk króna	17,718	17,822
	Japanskt jen	1,4125	1,4207
SDR		182,15	183,23
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR			
		214,9158	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Samtal Davíðs og Kings:

Breytir engu um Icesave

ALÞINGI Samskipti seðlabanka-stjóra Íslands og Bretlands, Davíðs Oddssonar og Mervyns King, breyta engu um stöðu Icesave-málsins, að mati Oddnýjar Harðardóttur, formanns fjárlaganefndar Alþingis.

Már Guðmundsson Seðla-bankastjóri og tveir lögfræðingar bankans komu fyrir nefndina í gærkvöldi og kynntu nefndarmönnum bréf og samtöl Davíðs og Kings frá vori og hausti 2008.

Frásögnum tvímennignanna af samskiptum þeirra um Icesave ber ekki saman, eins og fram hefur komið.

Að sögn Oddnýjar hvílir trúnaður á gögnunum. Fjárlaganefnd muni ekki reyna að fá þeim trúnaði aflétt.

- bps

Dansarinn sem slasaðist:

Úr öndunarvél og á batavegi

SLYS Steve Lorenz, dansari hjá Íslenska dansflokknum, er laus úr öndunarvél og á batavegi samkvæmt vakthafandi lækni. Steve lenti í alvarlegu slysi á æfingu hjá Íslenska dansflokknum í vikunni.

Sýningu á Ofviðrinu í Borgar-leikhúsinu var frestað vegna slyssins sem varð á æfingu á sirkustengdu dansverki.

Steve er frá Þýskalandi en hann og sambýliskona hans eru fastráðin hjá Íslenska dansflokknum.

Ónákvæmni gætti í frétt Fréttablaðsins í gær þar sem sagt var frá slysinu. Þar var sagt að einn dansarinn hefði verið að nota band, sem hefði herst að hálsi Steve. Það var band hans sjálfs og kom enginn annar dansari við sögu er slysið varð. Bedist er velvirðingar á mistökunum.

Landsbankinn og Arion banki brutu lög varðandi viðbótarlífeyrissparnað:

Notuðust við úrelt reikniforrit

EFNAHAGSMÁL Landsbankinn og Arion banki brutu gegn lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Er þetta niðurstaða Neytendastofu eftir að Allianz Ísland hf. kvartaði til samtakanna yfir viðskiptaháttum bankanna tveggja við sölu á viðbótarlífeyrissparnaði. Kemur þetta fram á vef Neytendastofu.

Kvartanir Allianz sneru að því að bankarnir væri að notast við úrelt útreikniforrit frá Allianz til þess að kynna fyrir viðskiptavinum sínum, eða væntanlegum viðskiptavinum. Útreikningarnir snerust um það

Á auglýsendum hvílir mjög rík skylda til að gæta að því að allar forsendur og fullyrðingar séu réttar.

ÚR ÚRSKURÐI NEYTENDASTOFU

hver kostnaðurinn væri við þjónustu Allianz samanborið við þjónustu bankanna. Auk þess hefðu bankarnir sent út greinargerð sem ráðgjafarfyrtæki hefðu unnið fyrir Kaupþing og fjallað hefði um ágalla á kynningarefni Allianz.

Kynningarefninu hefði hins vegar verið breytt og því ættu athugasemdirnar sem fram kæmu í greinargerðinni ekki lengur við.

Í niðurstöðu Neytendastofu segir að á auglýsendum hvílir mjög rík skylda til að gæta að því að allar forsendur og fullyrðingar séu réttar. Landsbankinn og Arion banki hefðu því átt að ganga vel úr skugga um að útreikningar á sparnaði Allianz væru réttir áður en þeir voru sendir út. Einnig hefðu þeir átt að kynna sér efni greinargerðarinnar betur, með tilliti til kynningarefnis Allianz.

- sv

Skipt um fjármálastjóra OR:

Anna fær laun í nínu mánuði

ORKUVEITAN Anna Skúladóttir lét í gær af störfum sem fjármálastjóri Orkuveitu Reykjavíkur.



ANNA SKÚLADÓTTIR

Anna fær, samkvæmt tilkynningu frá OR, laun í nínu mánuði. Við starfi Önnu tekur Ingi Jóhannes Erlingsson, sem starfaði sem forstöðumaður fjár- og áhættustýringar hjá OR.

Öll tölvuspor eru rekjanleg

Nær engar upplýsingar eru til um fartölvuna sem fannst tengd við tölvukerfi Alþingis í fimm vikur í fyrra. Erfitt er að komast yfir tölvugögn án þess að skilja einhver spor eftir í netkerfinu, segir tölvunarfræðingur.

FRÉTTASKÝRING

Hvað var tengd fartölva að gera í varaþingmannaherbergi Alþingis í fimm vikur?

„Þegar tölvu er plantað til að snuðra þá sæjust um það merki bæði í henni sjálfri og hjá þeim sem snuðrað var hjá. Eg held að við séum að tala um storm í vatnsglasi. En málið er alvarlegt, því það sýnir fram á að þetta er hægt,“ segir Björn Davíðsson, þróunarstjóri tölvuþjónustufyrirtækisins Snerpu á Ísafirði, um litlu fartölvuna sem fannst í varaþingmannaherbergi Alþingis á 5. hæð í Austurstræti fyrir tæpu ári.

BJÖRN DAVÍÐSSON

Eins og komið hefur fram var fartölvun tengd við tölvukerfi Alþingis frá 28. desember 2009 til 2. febrúar 2010 þegar starfsmaður Alþingis fann hana á skrifstofu nefndarsviðs Alþingis sem sjaldan er notuð. Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokks og Hreyfingarinnar eru með aðstöðu á sömu hæð auk þess sem Þingvallanefnd er með aðstöðu þar.

Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, sagði í samtali við Fréttablaðið tölvuvarnir Alþingis hafa aðeins gert ráð fyrir utanaðkomandi árásum. Nú er búið að herða reglur og bæta varnir.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir ógerning að vita hver geti hafa komið tölvunni fyrir í herberginu því mikil umferð sé um húsið. Þeir sem vilji inn í húsið þurfa að bera á sér rafrænt auðkenni eða að hringja í

þingvörð til að komast inn. Skrá er ekki haldin um þá sem fara um húsið.

Tölvudeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur haft tölvuna til rannsóknar í ár. Erfitt hefur verið að finna eiganda hennar því auðkenni höfðu verið afmáð auk þess sem svo virðist sem hún hafi verið forrituð með þeim hætti að allt efni á harða diskum eyddist sjálfkrafa þegar slökkt var á henni. Þá voru engin fingraför á tölvunni ef frá eru skilin þau sem starfsmenn Alþingis skildu eftir sig.

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við og þekkingu hafa á tölvunjósum segja tvenns konar aðferðir helst notaðar. Auðveldasta leiðin sé að tengja tölvu við kerfið með beinum hætti líkt og gert var á skrifstofu Alþingis. Allt fari þetta þó eftir því hvaða upplýsingum sé verið að fiska eftir. Hin leiðin sé að brjótast inn í tölvukerfið með vírus. Sá hugbúnaður þurfi að vera háþróaður.

Flestir eru sammála um að sama hvaða aðferð sé notuð skilji tölvuinnbrot í flestum tilvikum eftir sig ummerki. Sama hvað gert sé til að hindra það megi ætíð grafa eitthvað upp. Það sama á við ef hugbúnaður tölvunnar er þannig gerður að hann miðli upplýsingum um þráðlaust net í fartölvu sem staðsett er í öðrum hluta hússins.

„Það er mjög erfitt að fela slóðina,“ segir Björn hjá Snerpu en ítrekar að hann viti lítið um tölvuna á skrifstofum Alþingis fyrir utan það sem hann lesi í fjölmiðlum. Það sama gildir um þau Ástu R. og Helga Bernódusson, sem hvorugt hefur séð tölvuna.

jonab@frettabladid.is



SKRIFSTOFUR ALÞINGIS Engin skrá er til um þá sem fara um skrifstofur nefndarsviðs Alþingis líkt og tíðkast erlendis. Rafrænt auðkenni þarf til að komast inn í húsið eða að hafa samband við þingvörð og fá hann til að opna dyrnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina:

Ferðadómstóllinn (2007)

Askja, st. 132, fimmtudagur 27. janúar 2010, kl. 17:30

Þriðja myndin í heimildamyndaröðinni China Screen. Í einangruðum þorpum í Qingling-fjallgarðinum fer fólk ekki til dómstóla - dómstólarnir koma til þeirra. Myndin fylgir einum slíkum ferðadómstól, en nærgætnar aðferðir þeirra gera þessa einkennilegu réttarfarastofnun að nokkurs konar lífslist.



北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN
NORÐURLJÓŠ



Kínversk fræði við
HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeisdóttir
veður-
fréttamaður

SVIPAÐ ÁFRAM

Yfirleitt hægur vindur á landinu í dag og úrkomulítið. Svipað veður á morgun en á fimmtudag verður rigning eða súld sunnan og vestanlands en veður verður áfram þurrt og nokkuð bjart eystra. Hægt kólnandi á föstudag.

Á MORGUN
5-10 m/s, stífari NV-til
síðedegis.

FIMMTUDAGUR
3-8 m/s.



HEIMURINN


Alicante	12°
Basel	2°
Berlín	1°
Billund	4°
Frankfurt	2°
Friedrichshafen	0°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	21°
London	8°
Mallorca	12°
New York	4°
Orlando	25°
Ósló	-2°
París	6°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	-2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Hvenær sagðir þú síðast við bílinn þinn að þú elskaðir hann?

Reglubundin þjónustuskoðun Toyota



Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fjótlegt.

Reglubundin þjónustuskoðun - Bara lausnir

Komdu með bílinn þinn í reglubundna skoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota. Það eykur endingu hans og viðheldur söluverðmæti.

Vaxtalaugar greiðslur

Peir sem koma með bílinn í reglubundna þjónustuskoðun í janúar og greiða með greiðslukorti eiga kost á því að dreifa greiðslum* á þrjá mánuði vaxtalaust frá og með 2. apríl.

Toyota Kópavogi	Nýbýlavegi 8	200 Kópavogi	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	800 Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	260 Reykjanesbæ	420 6600
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík	577 7080
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	300 Akranesi	431 5050
Bítangi	Suðurgötu 9	400 Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	550 Sauðárkróki	455 4570
Bítaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	640 Húsavík	464 1888
Bítaverkstæði Austurlands	Miðási 2	700 Egilsstöðum	470 5070
Bítageirinn	Grófin 14a	230 Reykjanesbæ	421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

*3% þjónustugjald

Today
Tomorrow
Toyota

KJÖRKASSINN



Tekur þú mark á spádómun dýra um úrslit íþróttaleikja?

Já

Nei

6,1%

93,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Heldur þú að Ísland vinni Frakka á HM í dag?

Segðu skoðun þína á vísir

Áfengisrannsóknir í Noregi:

Drykkja foreldra skaðar ekki börn

NOREGUR Norskur vísindamaður, Hilde Pape að nafni, vísar því á bug að foreldrar valdi börnum sínum skaða með því að drekka áfengi í návist þeirra. Þetta er haft eftir vísindamanninum á norska fréttavefnum Dagbladet. Pape segir að börn horfi oft upp á hegðunarbreytingar hjá foreldrum sínum án þess að áfengi eigi þar sök á. Frekar megi rekja slæm áhrif til magns sem neytt er og hegðunar foreldra undir áhrifum. „Ég hef aldrei séð nokkrar sannanir á því að börn bíði skaða af því að sjá fullorðna neyta áfengis,“ segir Pape og bætir við: „Og ég er efins um að slíkt sé nokkurs staðar til.“

6

FRÉTTABLAÐIÐ

25. janúar 2011 ÞRIÐJUDAGUR

Ríkissaksóknari óskar eftir frekari gögnum vegna eftirlits bandaríska sendiráðsins:

Kanna hvort lög voru brotin



SIGRIÐUR ELSA KIARTANSDÓTTIR

Öryggisfyrirtækis. Sigriður Elsa Kjartansdóttir, settur vararíkissaksóknari, staðfestir að erindi hafi verið send nokkrum aðilum, þar á meðal bandaríska sendiráðinu og ríkislögreglustjóra. Hún segir nokkrar vikur geta liðið þar til svör berist embættinu.

Ögmundur Jónason innanríkisráðherra sendi ríkissaksóknara bréf nýverið þar sem embættið var beðið að kanna hvort ástæða sé til að rannsaka málið. Sigriður segir að verkið hafi ekki verið afmarkað frekar, embættið sé einfaldlega að grennsast fyrir um hvort grunur sé um refsivert athæfi, og hvort ástæða sé til að rannsaka málið. Slík rannsókn myndi beinast að íslenskum ríkisborgurum sem höfðu slíkt eftirlit með höndum, ekki starfsmönnum sendiráðsins.

Tvennt í gæsluvarðhaldi:

Tekin með eit-urlyf innvortis


LÖGREGLUMÁL Maður og kona sæta nú gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni eftir að hafa verið tekin í Leifsstöð með fíkniefni innvortis. Laugardaginn fyrir rúmri viku stöðvaði tollgæslan litháíska karlmann um fimmtugt við hefðbundið eftirlit. Hann reyndist vera með rúmlega 350 grömm af kókaíni innvortis. Í gær var gæsluvarðhald yfir honum framlengt um mánuð. Hann hefur sést hér á landi áður. Síðastliðinn laugardag var síðan dönsk kona á þrítugsaldri handtekin með 150 grömm af amfetamíni innvortis. Hún var úrskurðuð í vikulangt gæsluvarðhald.

Um þriðjungur eftir í veski launamanns

Ríki, sveitarfélög og lífeyrissjóðir fá um það bil tvo þriðju hluta launa hvers launamanns samkvæmt útreikningum Talnakönnunar á skattbyrði almennings. 125 þúsunda launamunur skilar aðeins 31 þúsund krónum meira í veskið.


Skattbyrði tveggja einstaklinga

Mánaðarlaun 325 þúsund



Lífeyrissjóður 13,3%
Félagsgjöld og fleira 2,5%
Eftir í veski launamanns 37,6%
Samtals til sveitarfélags 14,6%
Samtals til ríkisins 32,0%

Mánaðarlaun 450 þúsund



Lífeyrissjóður 14,1%
Félagsgjöld og fleira 2,4%
Eftir í veski launamanns 33,0%
Samtals til sveitarfélags 14,6%
Samtals til ríkisins 35,9%

325 þúsund í laun	Kostnaður vinnuveitanda við laun	450 þúsund í laun
392.420	Tryggingargjald	542.388
28.140	Lífeyrisgjöld launagreiðanda	38.925
32.532	Slysatryggingar, sjúkrasjóður og aðrir sjóðir	45.000
6.431		8.463
325.318	Útborguð mánaðarlaun	450.000
19.519	Lífeyrisgjöld launþega	31.500
3.253	Félagsgjöld	4.500
33.085	Tekjuskattur	62.550
1.301	Eignarskattur	6.300
1.500	Útvarpsgjald	1.500
654	Framkvæmdasjóður aldraðra	905
37.593	Virðisaukaskattur	52.002
23.426	Vörugjöld	32.400
45.717	Útsvar til sveitarfélags	63.238
11.645	Fasteignaskattar	16.108
147.627	Eftir í veski launamanns	178.997



Spórum og njótum lífsins

Nýmjólk og léttmjólk

Mjólk

Kostur

75 kr/stk

Í DAG

ÞRIÐJUDAG

* 1l umbúðir
** gildir meðan birgðir endast



www.kostur.is



Hreinsaðu nefið og náðu andanum á ný



Otrivin Hvílikur léttir

Otrivin nefuði og neðdroparnir innihalda xylometasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 10-12 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einungis ögleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasólin ættu ekki að nota Otrivin. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfi nu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umbjó á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Skoðanakönnun MMR fyrir LÍÚ sýnir stuðning við samningsleið í sjávarútvegi:

Meirihluti vill samningsleið

SIJÁVARÚTVEGUR Meirihluti landsmanna er hlynntur því að farin verði hin svokallaða samningsleið við endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Í nýlegri könnun sem MMR gerði fyrir Landsamband íslenskra útvegsmanna kemur í ljós að nálægt tveir þriðju svarenda, eða 65 prósent, voru mjög eða frekar hlynntir því að fara samningsleiðina. Í því felst að ríkið geri samninga við núverandi kvótaeigendur um veiðiheilmildir gegn gjaldi. Hefur henni oftar en ekki verið stillt upp gegn fyrningarleiðinni svokölluðu sem felur í sér að kvóti sé aftur-

kallaður yfir ákveðinn tíma og úthlutað á ný gegn gjaldi. Athygli vekur að samkvæmt könnuninni er meirihluti fylgismanna allra flokka fylgjandi samningsleiðinni og mestur stuðningur er meðal þeirra sem kusu Vinstri græna í síðustu kosningum, þar sem þeir fjórðu eru mjög hlynntir eða frekar hlynntir samningsleiðinni. Minnstur stuðningur er meðal kjósenda Sjálfstæðismanna og Borgarahreyfingarinnar, um 58 prósent. 890 manns tóku þátt í könnuninni og var svarhlutfall um 60 prósent.

Árásarmaður ákærður:

Krikketkylfa notuð við árás

DÓMSMÁL Karlmaður um tvítugt hefur verið ákærður fyrir að berja annan mann í höfuðið með krikketkylfu úr tré. Ríkissaksóknari ákærir manninn fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Atburðurinn átti sér stað á Egilsstöðum. Auk árásarinnar með krikketkylfunni er maðurinn ákærður fyrir að hafa kýlt fórnarlambið í andlit og líkama. Sá sem ráðist var á hlaut meðal annars tvö sár á höfuð, auk annarra áverka. Hann gerir kröfu um 1,7 milljónir króna í skaðabætur.

enda sitji aðeins lítill hluti launa-hækkunar eftir hjá launþegnum. Benedikt tekur fram að tilgangurinn hafi einfaldlega verið sá að sjá hvað hið opinbera taki til sín af launum fólks. Ekki hafi verið gerð tilraun til að meta hvað fólk fær í staðinn, til dæmis sjúkrabætur, skóla, ýmis konar bætur og fleira.



FISKEIÐAR Meirihluti þeirra sem svöruðu könnun MMR um fiskveiðilöggjöfina eru fylgjandi því að samningsleiðin verði farin.

NÝTTI!

SUMAR 2011



Almeria

- falda perlan í Miðjarðarhafinu!

Þökkum frábærar viðtökur!

Drífið ykkur að bóka því ódýrustu sætin bókast fyrst!

Í fyrsta sinn á Íslandi verður boðið uppá spennandi ferðir í beinu flugi til Almeria sem er í næststærsta héraði Spánar, Andalúsíu. Nú þegar hafa hundruðir Íslendingar bókað sæti og fer hver að verða síðastur að tryggja sér allra ódýrstu sætin! Borgin er einstaklega sjarmerandi þar sem sólríkar strendur, hvítkölluð hús, nautaöt og seðjandi flamenco tónlist ráða ríkjum. Í Almeria eru fallegar strendur og fjölbreytilegt landslag.

Hotel Colonial Mar

ALLT INNIFALIÐ! ★★★★★

Vika frá 110.239 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá kr. 133.652 fyrir 2 fullorðna.
Brottför 15. júní - vika.

Uppfærðu í Junior
svítu frá aðeins
7000 kr á mann.

ÓTRÚLEGT
VERÐ!

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar

sumarferdir.is



- 1 Hvað er Gufunesbryggja gömul?
- 2 Hvað vilja margir halda áfram ESB-umsóknarferlinu samkvæmt könnun Fréttablaðsins?
- 3 Met var slegið í sjóránnum í fyrra. Hvað var mörgum skipum rænt árið 2010?

SVÖR

1. Fimmtu og sjö ára. 2. Tveir af hverjum þremur. 3. Fimmtu og þremur.

Rekna eftir margra ára starf um borð í Herjólfu og ætla í hart:

Áttu að þrífa meira án hærri launa

ATVINNUMÁL Þremur konum var sagt upp á sunnudagskvöld eftir margra ára starf sem þernur um borð í Herjólfu. Ástæðurnar voru þær að eftir að hreinsunarteymi ferjunnar var sagt upp um áramót þurftu konurnar að taka á sig fleiri störf en áður, eins og að þrífa klefa og eldhús. Þeim var þó ekki boðin nein launa-hækkun fyrir vikið.

„Þeir vildu að við færum að þrífa meira og við vorum alveg til í það, að undanskildum klefunum og eldhúsinu,“ segir Íris Björg Valgeirsdóttir, ein kvennanna sem reknar voru. „Guðmundur Pedersen [rekstrarstjóri Herjólf] samþykkti það og ætlaði að taka þau atriði út úr samningnum. En þegar við áttum að skrifa

undir á föstudag voru þau atriði enn inni.“

Konurnar þrjár, sem unnu allar saman á vakt, sögðust þá ætla að hugsa málið og svara á sunnudag, en Guðmundur hafði sagt þeim að samningnum yrði ekki breytt. Þær fengu allar uppsagnarbréf á sunnudaginn, sem var þó dagsett þann 12. janúar.

„Þetta er eins og kjaftshögg,“ segir Íris. „Ein okkar hefur unnið þarna í þrettán ár. En sjómannafélagið og stéttarfélagið ætla að láta lögfræðingana sína skoða málið og við vonum að það komi eitthvað út úr því.“

Guðmundur Pedersen, rekstrarstjóri Herjólf, vildi ekki láta hafa neitt eftir sér um málið við Fréttablaðið.

- SV



SAMÞYKKTU EKKI SAMNINGINN Vaktarhópurinn sem rekinn var frá Herjólfu á sunnudag, frá vinstri: Ingibjörg Sveinsdóttir, Ágústa Magnúsdóttir og Íris Björg Valgeirsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

KAREN MILLEN

ÚTSALA
SÍÐUSTU DAGAR
60-70%



oasis

70%
afsláttur
af öllum
útsöluvörum

oasis

Kringlan / Smáralind / Debenhams



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR ÞINGMAÐUR Vigdís segir að það bjóði upp á of mikil pólitísk afskipti að Alþingi veiti ríkisborgararétt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Alþingi hætti að veita ríkisborgararétt

Vigdís Hauksdóttir er að láta kanna hvort afnema eigi heimild Alþingis til veitingu ríkisborgararéttar. Formaður allsherjarnefndar segir Vigdís fara rangt með staðreyndir í máli Jóels Færseth.

ALÞINGI Vigdís Hauksdóttir þingmaður, sem situr í allsherjarnefnd Alþingis, er nú að láta nefndarsvið



RÓBERT MARSHALL

kanna möguleika á að semja lagafrumvarp sem fellir niður rétt Alþingis til að veita einstaklingum íslenskan ríkisborgararétt. „Mér finnst ósanngjarnt að Alþingi hafi þennan rétt. Ísland og Danmörk eru einu Norðurlandarákin sem láta svona mál fara í gegnum þingið en ekki ráðuneytið,“ segir Vigdís. „Slíkt býður upp á mikil pólitísk afskipti.“

Vigdís segir að ef álitnið fari í gegn muni hún leggja málið fyrir innanríkisráðuneytið, sem myndi þá taka við ríkisborgaraveitingum fyrir útlendinga, gangi tillagan eftir.

Vigdís greiddi ekki atkvæði þegar Jóel Færseth var veittur íslenskur ríkisborgararéttur í desember. Hún hefur sagt að málið hafi verið stórkostleg mistök að hálfu nefndarinnar og það hafi gert stöðu drengsins verri.

„Ráðuneytið lagðist gegn þessari umsókn og fleiri umsóknum sem voru afgreiddar þarna, en allsherjarnefnd leit framhjá því,“ segir Vigdís. „Ég gekk úr salnum af virðingu fyrir hinum 42 sem var veittur ríkisborgararéttur þennan dag.“

Allsherjarnefnd fundaði með fulltrúa úr innanríkisráðuneytinu á föstudag til þess að fá að vita hvar mál Jóels Færseth og


Ég gekk út úr salnum af virðingu fyrir hinum 42 sem var veittur ríkisborgararéttur þennan dag.

VIGDÍS HAUKSDÓTTIR
ÞINGKONA SEM SITUR
Í ALLSHERJARNEFND

fjölskyldu hans á Indlandi væri statt. Róbert Marshall, formaður nefndarinnar, spurði fulltrúa ráðuneytisins hvort það væri rétt sem Vigdís héldi fram, að veiting ríkisborgararéttar hefði gert stöðu hans verri, en ráðuneytið svaraði því neitandi.

„Það er að beita sér í málinu núna vegna þess að barnið er orðið íslenskur ríkisborgari,“ segir Róbert. „Það kom alveg skýrt fram að það stendur ekki steinn yfir steini í því sem Vigdís Hauksdóttir er búin að vera að segja í þessu máli.“

Jóel Færseth Einarsson er skráður í Þjóðskrá Íslands með ótilgreint lögheimili í Asíu. Forráðamaður hans er skráður sem Gervimaður – Asía. Eins og kunnugt er hefur Jóel ekki verið afhent íslenskt vegabréf til þess að komast til landsins, en ástæða þess er sú að foreldrar hans, Helga Sveinsdóttir og Einar Þór Færseth, nýttu sér þjónustu staðgöngumóður til þess að eignast hann. Staðgöngumæðrun er ólögleg hér á landi og samkvæmt íslenskum lögum fer staðgöngumóðir Jóels í raun með forræði yfir honum. Ráðuneytið biður enn svara frá indverskum stjórnvöldum hvort Helga og Einar séu formlega skráðir forráðamenn Jóels á Indlandi. sunna@frettabladid.is

SPORT
besta sætið

Í KVÖLD KL. 19:35
ÍSLAND – FRAKKLAND

HM
Í HANDBOLTA
SJÁÐU ALLT UM HM Á VISIR.IS

vodafone

KAFFIMÁL OG ÁFYLLING ALLT ÁRIÐ 2.290 KR.



Kaffimál Olís heldur kaffinu rjúkandi heitu og hentar vel til að grípa með í bílinn. Því fylgir frí áfylling af gæðakaffi út árið 2011. Málið fæst á næstu Olís-stöð og kostar aðeins 2.290 kr.



Vinur við veginn



BLÁSIÐ TIL VEISLU Bæverskir alpahornsleikarar tróðu upp á Grænu vikunni, matar- og landbúnaðarráðstefnunni í Berlin, í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



SAMSTARF Samráðshópurinn sem ríkisstjórnin boðaði á síðasta ári er loks kominn saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Velferð á Suðurnesjum:

Markmiðið að efla samstarf

SAMFÉLAGSMÁL Stofnaður hefur verið samstarfshópur um velferð á Suðurnesjum sem hefur það að markmiði að efla samstarf sveitarfélaganna á svæðinu á sviði velferðarmála og auka samvinnu við ríkisstofnanir og félagasamtök til að styrkja stöðu svæðisins.

Stofnun hópsins er í samræmi við aðgerðir sem ríkisstjórnin kynnti í Reykjanesbæ í nóvember síðastliðnum.

- þj

Ný skýrsla bresku ríkisstjórnarinnar kallar á bráðaaðgerðir til að bæta matvælaframleiðslu:

Matvælaframleiðsla í heiminum í kreppu

ENGLAND Í nýrri skýrslu á vegum bresku ríkisstjórnarinnar er kallað eftir bráðaaðgerðum til að bæta matvælaframleiðslu og berjast gegn hungri í heiminum. Skýrslan geymir afrakstur þverfaglegra rannsókna 400 vísindamanna frá 35 löndum.

Niðurstöðurnar skjóta fræðilegum grunni undir áhyggjur manna af stöðu matvælaframleiðslu í heiminum, segir á vef BBC.

Ekki er nóg að auka framleiðsluna heldur þarf að standa vörð um sjálfbæra framleiðsluhætti og tryggja að þeir víki ekki fyrir

kröfum um aukið framleiðslumagn. Smáskammtalækningar nægi ekki; hugsa þurfi matvælaframleiðsluna upp á nýtt og setja sjálfbærni hennar í öndvegi.

Aðalvísindaráðgjafi breskra stjórnvalda, Sir John Beddington prófessor, segir í samtali við BBC að skýrslan sýni fram á knýjandi nauðsyn þess að stjórnvöld gripi til aðgerða án tafar. Innan 20 ára verði jarðarbúar orðnir 8,3 milljarðar og þá muni 60-70 prósent mannkynsins búa í borgum. „Eftir því sem velmegun eykst mun eftirspurn eftir grundvallarþörfum eins og

matvælum, vatni og orku aukast,“ segir hann.

„Á næstu tuttugu árum þurfum við að auka matvælaframleiðslu um 40 prósent, auka framboð á fersku vatni um 30 prósent og orkuframleiðslu um 50 prósent. Þetta er raunverulegur bráðavandi.“

Auk fólksfjölgunar auka loftslagsbreytingar á vandann. Gera þurfi róttækar breytingar á framleiðsluháttum í landbúnaði og matvælaframleiðslu, ekki einungis til að auka matvælaframboð til að tryggja að framleiðslan sé sjálfbær.

-pg



OFGNÓTT Þótt núverandi kerfi matvælaframleiðslu þjóni flestum jarðarbúum vel býr þriðjungur mannkyns, um 925 milljónir manna, við hungur eða næringarskort.

MYND/AFP-NORDICPHOTOS

Geysir Green Energy ósátt við svör stjórnvalda:

Segja skýringarnar vera ófullnægjandi

ORKUMÁL Geysir Green Energy telur skýringar efnahags- og viðskiptaráðuneytis og forsætisráðuneytis við athugasemdum umboðsmanns Alþingis um framgöngu í Magma-málinu ekki vera fullnægjandi. Geysir Green kvartaði til umboðsmanns í haust vegna framgöngu stjórnvalda í tengslum við söluna á HS Orku til Magma.

Umboðsmaður Alþingis benti ráðuneytinum á að stjórnvöld hefðu haft tækifæri til aðhafast í málinu en ekki nýtt sér heimildir í lögum um erlenda fjárfestingu. Þá gerði umboðsmaður einnig athugasemd við þá stjórnsýsluhætti sem voru viðhafðir í málinu.

Í svarbréfi forsætisráðherra, sem vísað var til í fréttum Stöðvar 2 í gær, kemur fram að það hafi ekki verið tilgangur nefndar um orku- og auðlindamál, sem ríkisstjórnin skipaði, að hrófla við kaupum Magma á HS Orku, aðeins að kanna lögmæti viðskiptanna.

Þá gerir lögmaður Geysis Green jafnframt alvarlegar athugasemdir við svör efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og segir að ekki verði séð að ráðuneytið hafi svarað ósk umboðsmanns um skýringar heldur einungis árétt að þá óvönduðu stjórnsýsluhætti sem íslensk stjórnvöld hefðu viðhaft í málinu.

- þj



SPRENGING Mynd sem náðist rétt eftir að sprenging varð í komusál Domodedovo-flugvallar við Moskvu. Reykur lá yfir salnum. 35 biðu bana í sprengingunni og um 170 særðust.

MYND/AFP/NTV-NORDICPHOTOS

35 fallnir og 170 særðir eftir áráðs í Moskvu

Sprenging á flugvelli í Moskvu kostaði tugi lífið. Talið er líklegt að um hryðjuverk sé að ræða. Uppreisnarmenn frá Kákasus eru grunaðir um verknadinn.

MOSKVA Talið er að allt að 35 hafi látist og yfir 170 særst í sprengju-tílræði á Domodedovo-flugvelli í Moskvu um miðjan dag í gær.

Að sögn Urðar Gunnarsdóttur, upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins, er ekki vitað til að nokkur Íslendingur hafi verið staddur í flugstöðinni þegar sprengingin varð.

Moskvulögreglan segir að um hryðjuverk hafi verið að ræða og líklegt er talið að sjálfsmorðsárás hafi verið gerð, en enginn hafði lýst ódæðinu á hendur sér þegar blaðið fór í prentun.

Dimitríj Medvedev, forseti Rússlands, hét þjóðinni því að hafa hendur í hári tilræðismannanna og gaf fyrirmæli um hertar öryggisráðstafanir á flugvöllum landsins.

Á vef BBC kom fram að sprengingin hefði orðið við færíband þar sem komufarþegar sóttu ferðatöskur sínar. Að sögn sjónarvotta voru þúsundir manna í komusalnum og í biðröð við vegabréfsskoðun þegar sprengingin varð.

Domodedovo er stærsti og nýttískulegasti flugvöllur Moskvu, um 40 kílómetra suður af miðborginni.

Talið er líklegast að gerningsmaðurinn hafi verið á vegum upp-

reinarmanna úr Kákasushéraði. Eftir að rússneskar hersvetir börðu niður uppreisnina í Téténíu af mikilli hörku fyrir um áratug hefur órói einkennt svæðið þar sem róstur hafa breiðst út til Ingúsetíu og Dagestan.

Hryðjuverkamenn frá svæðinu hafa framið mörg illvirki á undanförunum misserum og létust meðal annars 40 manns þegar tvær konur frá Dagestan sprengdu sig í loft upp á lestarstöð í Moskvu í mars á síðasta ári.

Þá létust 90 manns árið 2004 þegar hryðjuverkamenn sprengdu tvær farþegaþotur sem tóku einmitt á loft frá Domodedovo.

Medvedev hefur lýst því yfir að uppreisnarrópar í Kákasus séu helsta ógnin við öryggi rússneskra borgara.

Margir stjórnmalaskýrendur telja að líkur sé á að hryðjuverkamenn muni láta enn frekar að sér kveða á komandi mánuðum, sérstaklega í tengslum við forsetakosningar sem fara fram í Rússlandi á næsta ári. Talið er líklegt að forsætisráðherrann Vladímír Pútín, sem er fyrrverandi forseti og hóf stórsóknina í Téténíu á sínum tíma, muni gera tilkall til embættisins á ný.

peturg@frettabladid.is
thorgils@frettabladid.is

Sumir eru eilífðarstúdentar. Hvað ert þú orðinn?

Árlega fletta Íslendingar 100 milljón sinnum upp á Já.is og Símaskráin kemur út í 150 þúsund eintökum.

Ef þú vilt breyta skráningu þinni hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 522 3200, farðu inn á Já.is eða sendu tölvupóst á ja@ja.is.

Skráningum í Símaskrána lýkur 31. janúar.



-er svarið

ENEMM / SÍA / NM4263

Læknadeild og HÍ 100 ára:
Læknadagar
hófust í gærdag

HEILBRIGÐISMÁL Hundrað ára afmælis læknadeildar og Háskóla Íslands verður sérstaklega minnst á Læknadögum 2011, sem haldir verða á Nordica Hilton dagana 24. til 28. janúar.

Sérstakt málþing, með yfirskriftinni Læknakennsla: Saga og nútími, verður haldið í tilefni af afmælinu og verður það í dag frá klukkan 9 til 12.

Fundarstjóri verður Guðmundur Þorgeirsson, forseti læknadeildar.

- sv

Hafró vill auka hámarksafla sökum mun betri stöðu loðnustofnsins við landið:

Hámarkskvóti aukist um 125 þúsund tonn

SJÁVARÚTVEGUR Hafrannsóknastofnun (Hafró) leggur til að leyfilegur hámarksafli á loðnu á núverandi vertíð verði aukinn um 125 þúsund tonn frá upphafskvótanum sem gefinn var út í fyrra. Hámarksafllinn eykst þá úr 200 þúsundum upp í 325 þúsund tonn.

Á tímabilinu 6. til 22. janúar var rannsóknaskipið Árni Friðriksson við rannsóknir og mælingar á stærð loðnustofnsins frá Suðausturlandi, norður um og allt að sunnanverðum Vestfjörðum. Útbreiðsla loðnunnar var könnuð og stærð loðnustofnsins á svæðinu mæld. Alls mældust um 720 þúsund tonn af kynþroska loðnu, samkvæmt úteikningum Hafró á stærð

veiðistofnsins. Þó var áætlað að veidd hefðu verið rúm fimm þúsund tonn af loðnu áður en sú mæling fór fram. Kemur þetta fram í tilkynningu frá Hafró.

Stærð loðnustofnsins mældist rúm 600 þúsund tonn á tímabilinu 24. september til 8. nóvember í fyrra.

„Í kjölfar þeirrar mælingar lagði Hafrannsóknastofnunin til við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að leyfilegur hámarksafli á vertíðinni 2010 til 2011 yrði ákveðinn 200 þúsund tonn,“ segir í tilkynningu. Á grundvelli þeirra mælinga sem gerðar voru nú í janúar er því lagt til að auka hámarksaflann um 125 þúsund tonn, síðan frá fyrri tillögu.

- sv



LOÐNA Nýjustu mælingar Hafrannsóknunastofnunar sýna að staða loðnustofnsins hefur batnað til muna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



ENN BEÐIÐ EFTIR SKÝRSLU Olíuverðsamráðsmálið hefur staðið yfir í tæp sex ár.

Olíusamráðsmálið fyrir rétti:
Enn er beðið
eftir gögnum

OLÍUMÁLID Næstu skrefum í olíusamráðsmálinu svokallaða var á föstudag frestað í Héraðsdómi Reykjavíkur til 10. febrúar.

Olíufélagin Ker, áður Olíufélagið, Olís, Skeljungur og Bensínorkan voru sektuð um samtals 2,6 milljarða króna vegna ólögmeis verðsamráðs á olíumarkaði á árabílinu 1993 til 2001, samkvæmt úrskurði Samkeppniseftirlitsins árið 2004.

Olíufélagin höfðuðu mál vegna þessa. Vonast er til að önnur matskýrsla þeirra af tveimur skili sér í næsta mánuði. Gangi það ekki eftir er líklegt að málinu verði frestað fram á haust.

- jab

Bandarískir fjárfestar funda:
Úrslitastund kísilvers í Helguvík

ORKUMÁL Samningaviðræður um kísilverksmiðju í Helguvík gætu klárast í lok þessarar viku. Náist samningar er stefnt að því að framkvæmdir hefjist í apríl. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Bandarískt fyrirtæki, í samvinnu við íslenska samstarfsaðila, hefur í fjögur ár undirbúið smíði kísilverksmiðju í Helguvík. Komið er að úrslitastundu varðandi verkefnið og eru fulltrúar bandarísku fjárfestanna nú staddir hér á landi í þeim tilgangi að ljúka samningum. Þýðingarmestu samningarnir eru við orkufyrirtækin Landsvirkjun og HS Orku.

- kmu

DUROL
BURSTAMOTTAN

5 ára ábyrgð

5 ára ábyrgð

- Í öll anddyri

- Hvaða stærð sem er

- Afgreidd á 2 dögum

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

viska í fjármálum

Ferð til fjár

Námskeið byggð á sjónvarpsþáttunum vinsælu

Námskeið um fjármál - á mannamáli

Breki Karlsson vakti mikla athygli með sjónvarpsþáttunum **Ferð til fjár**. Nú gefst þér kostur á að sækja námskeið hjá Breka þar sem hann fer betur í saumana á fjármálum einstaklinga og fjallar um peninga, sparnað og eyðslu - sem sagt skemmtileg fræðsla á mannamáli.

26. jan.	Borgartúni 19, Reykjavík	Boðið er upp á táknmálstúlkun
02. feb.	Háskólanum á Akureyri	
10. feb.	Hafnarborg, Hafnarfirði	
16. feb.	Borgartúni 19, Reykjavík	Boðið er upp á táknmálstúlkun
23. feb.	Bifröst, Borgarfirði	

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is/uglan

Þættirnir *Ferð til fjár* eru nú aðgengilegir á arionbanki.is

Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi

www.arionbanki.is/uglan



LÍTILL FÍLL Dagsgamall filskálfur sést hér í góðu yfirlæti foreldra sinna. Fílskálfurinn, sem ekki hefur fengið nafn, er annar fillinn sem kemur í heiminn í dýragarðinum í Chester í norðvesturhluta Englands.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nýr aðstoðarmaður formanns: Jóhannes aðstoðar Sigmund

STJÓRNMÁL Jóhannes Þór Skúlason hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins.



JÓHANNES ÞÓR SKÚLASON



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Benedikt Sigurðarson lét af starfi aðstoðarmanns Sigmundar í desember og réði sig til starfa hjá Actavis. Síðan þá, og þar til Jóhannes hefur störf í febrúar, aðstoðar Sunna Gunnars Marteinsdóttir Sigmund.

- bps

Rýnt í áfengisnotkun kvenna:

Hafa bæði nýtt og falið áfengið

SAGNFRÆÐI Áfengisnotkun kvenna á fyrri tíð verður til umfjöllunar í fyrirlestri Sagnfræðingafélags Íslands í Þjóðminjasafni Íslands í hádeginu í dag.

Erlingur Brynjólfsson sagnfræðingur fjallar um hvernig konur notuðu áfengi málstað sínum til framdráttar, hvort heldur sem var með áfengi eða móti og hvernig þær nýttu sér áfengi til að móta ímynd hinnar siðferðilega sterku konu á seinni hluta 19. aldar. „Einnig verður rætt um hæga breytingu á ímyndinni á liðinni öld, feluleik kvenna með áfengi og fleira því tengt,“ segir í tilkynningu. Aðgangur er ókeypis og fyrirlesturinn öllum opin.

- óká

Rýnifundir Íslands og ESB um landbúnaðarmál hafnir í Brussel:

Ekki þörf fyrir nýja stofnun

EVROPUMÁL Núverandi stofnanir á Íslandi geta uppfyllt þær kröfur sem ESB gerir til stjórnsýslu nýrra aðildarríkja, um landbúnaðarstofnun sem getur sinnt ýmsum verkefnum sameiginlegrar landbúnaðarstefnu sambandsins, segja heimildir blaðsins í stjórnnarráði. Ekki sé því þörf á nýrri landbúnaðarstofnun.

Þetta mun hafa komið í ljós í undirbúningsvinnu fyrir rýnifundi þá sem nú standa yfir í Brussel um íslenskan landbúnað.

Ný landbúnaðarstofnun ætti til

að mynda að taka við og dreifa ESB-styrkjum til íslenskra bænda. Fjármála- eða landbúnaðarráðuneyti eru nú talin geta sinnt þessu hlutverki, jafnvel Matvælastofnun og fleiri.

ESB hefur ekki sérstakan áhuga á nýjum stofnunum, stofnananna vegna, heldur að traust kerfi sé til staðar, segja sömu heimildir og bæta við að yfirstandandi vinna í umsóknarferlinu snúist um áætlanargerð. Íslendingar þurfi að geta sagt hvernig og hvaða stofnanir muni gera hvað til að fram-

fylgja landbúnaðarstefnunni, fari svo að þjóðin samþykki aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fyrsta rýnifundi landbúnaðarmála lauk í dag í Brussel, þar sem Ísland kynnti íslenskar aðstæður fyrir ESB. Fundunum lýkur á fimmtudag.

- kóp

FÁNAFJÖLD Í BRUSSEL Þessa dagana svarar íslenska samninganefndin, í umboði utanríkisráðherra, ýmsum spurningum ESB. Landbúnaðarráðherra útbjó svörin.

NORDICPHOTOS/AFP



Meirihlutinn styður Icesave-samkomulag

Ríflega 56 prósent landsmanna vilja samþykkja nýja Icesave-samkomulagið samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Meirihluti stuðningsmanna annarra flokka en Sjálfstæðisflokksins vilja samþykkja samkomulagið.

KÖNNUN Meirihluti landsmanna vill að Icesave-samkomulagið sem náðst hefur við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi verði samþykkt samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Alls vilja 56,4 prósent að samkomulagið verði samþykkt, en 43,6 prósent vilja að því verði hafnað samkvæmt könnuninni, sem gerð var síðastliðið miðvikudagskvöld.

Aðeins meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins vill innan við helmingur samþykkja Icesave-samkomulagið. Af þeim sem segjast myndu kjósa flokkinn yrði gengið til þingskosninga nú sögðust um 47 prósent vilja samþykkja samninginn en tæplega 53 prósent vildu hafna honum.

Stuðningurinn við nýja Icesave-samkomulagið er mestur innan Samfylkingarinnar, mun meiri en meðal stuðningsmanna hins stjórnflokksins. Alls vill tæplega 71 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar samþykkja samkomulagið en 29 prósent hafna því.


Minni stuðningur er við Icesave-samkomulagið hjá Vinstri grænum, 56 prósent vilja samþykkja það en 44 prósent vilja hafna því.

Meirihluti stuðningsmanna Framsóknarflokksins styður nýja samkomulagið samkvæmt könnuninni. Um 60 prósent þeirra sem myndu kjósa Framsóknarflokkinn sögðust vilja samþykkja samkomulagið, en um 40 prósent vildu hafna því.

Ekki reyndist tölfræðilega

Nýtt samkomulag við Breta og Hollendinga um Icesave

Spurt var: Vilt þú að Icesave-samkomulagið sem nú hefur náðst við stjórnvöld í Bretland og Hollandi verði samþykkt?



57% þeirra sem ekki styðja ákveðinn stjórnmálaflokk vilja samþykkja nýja Icesave-samkomulagið.

marktækt að reikna afstöðu stuðningsmanna Hreyfingarinnar til Icesave-samkomulagsins.

Um 46 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni sögðust myndu skila auðu, sleppa því að kjósa, eða vildu ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa yrði gengið til kosninga nú. Af þeim stóra hópi vildu ríflega 57 prósent samþykkja samkomulagið en tæplega 43 prósent vildu hafna því.

Fólk undir miðjum aldri vill frekar samþykkja Icesave-

samkomulagið en þeir sem eldri eru. Alls vilja um 59 prósent fólks á aldrinum 18 til 49 ára samþykkja samkomulagið, en um 53 prósent af þeim sem eru 50 ára eða eldri.

Karlar eru heldur líklegri en konur til að styðja samkomulagið sem nú hefur náðst. Um 58 prósent karla vilja samþykkja samkomulagið en 55 prósent kvenna.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 19. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Vilt þú að Icesave-samkomulagið sem nú hefur náðst við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi verði samþykkt? Alls tóku 73,4 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is



Á SELVÍSI í hádeginu í gær var óvenjuleikið í Ölfusá. MYND/GUÐRINNA GUNNARSD.

Varað við vatnsskemmdum:

Vöxtur víða í ám og lækjum

SAMGÖNGUR Vöxtur hefur víða hlaupið í ár og læki vegna hlýinda. Vegagerðin varar á vef sínum vegfarendur við vatnsskemmdum á vegum á Þróskuldum, í Steingrímsfirði og í Dýrafirði á Vestfjörðum.

Flóð sem urðu í Hvítá á Suðurlandi höfðu hjaðnað ofan til í ánni fyrri partinn í gær og voru gengin til sjávar undir kvöld.

Snemma í gærmorgun flæddi þó enn yfir heimreiðar að nokkrum bæjum, að því er fram kom á fréttavef Vísis.is.

- óká

Fyrirlestur um fjallgöngur:

Everestfari talar um reynslu sína

ÚTIVIST Peter Habeler, einn frægasti fjallgöngumaður heims, verður heiðursgestur og fyrirlesari á ráðstefnu um háfjallagöngur sem verður haldin í Háskólabíói annað kvöld klukkan 20.

Habeler er án efa frægastur fyrir að hafa klifið Everestfjall án súrefnis fyrstur manna, ásamt félaganum Reinhold Messner. Með því brutu þeir blað í sögu fjallaklifurs og háfjallalækisfræði, en ráðstefnan er á vegum Félags íslenskra fjallalækna og 66°Norður.

Aðgangur á fyrirlesturinn er ókeypis og eru allir velkomnir.

- þj

Ný aðstaða til rannsóknar á smitsjúkdómum í fiskeldi:

Geta unnið að tveimur rannsóknum í einu

RANNSÓKNIR Ný og fullkomin aðstaða til rannsókna á smitsjúkdómum í fiski var formlega tekin í notkun í Fræðasetrinu í Sandgerði í gær.

Samstarfsaðilar verkefnisins eru Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og Sandgerðisbær. Undirbúningur og framkvæmdir hafa staðið yfir í um það bil eitt ár.

Sjúkdómar eru mikið vandamál í fiskeldi á Íslandi sem og annars staðar í heiminum. Árið 2009 tók Landssamband fiskeldisstöðva saman ítarlega skýrslu um stöðu fiskeldis á Íslandi.

Þar var ályktað að rannsóknir á sjúkdómum og vörnum gegn þeim væru eitt allra brýnasta

verkefnið í framtíðaruppbyggingu fiskeldis á Íslandi.

Í tilkynningu frá Keldum og Sandgerðisbæ segir að það sé mikið gleðiefni að loks sé komin góð aðstaða til smittitrauna með fisk. Skortur á henni hefur komið í veg fyrir að hægt sé að sinna þrýnum verkefnum á þessu sviði.

Í hinu nýja rannsóknarrými er unnt að vinna að tveimur óháðum rannsóknum í senn. Í rýmiinu eru 23 ker 170 til 1.000 lítra. Hægt er að stilla bæði hita (0-20°C) og seltu (0-34‰) eldisvatnsins.

Tvö rannsóknaverkefni, undir stjórn vísindamanna á Keldum, verða sett af stað næstu daga.

Viltu verða dagforeldri í Reykjavík?

Leitað er eftir dagforeldrum til starfa í Reykjavík. Nánari upplýsingar fást hjá daggæsluráðgjöfum í þjónustumiðstöðvum borgarinnar í síma 411 1111

Næsta réttindanámskeið fyrir verðandi dagforeldra hefst hjá Námsflokki Hafnarfjarðar 14. febrúar. Nánari upplýsingar fást í síma 664-5510 / 585-5860. Reykjavíkurborg niðurgreiðir kostnað vegna námskeiðsins.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



netto

Ódýrt fyrir heimilið!

ÝSUBITAR
RÖÐ- OG BEINLAUSIR

899 kr/kg

áður 1.098 kr/kg

Holt og gott í janúar

FERSKIR ÝSUBITAR
Í RASPI

20%
afsláttur

1.198 kr/kg

áður 1.498 kr/kg

LAXABITAR
MEÐ RÖÐI

25%
afsláttur

1.499 kr/kg

áður 1.998 kr/kg

ÞORSKBITAR

25%
afsláttur

899 kr/kg

áður 1.198 kr/kg

STEINBÍTSBITAR

35%
afsláttur

779 kr/kg

áður 1.198 kr/kg

ÚTVATNAÐIR
SALTFIŠKBITAR

698 kr/kg

Tilboðsverð!

ÝSA
RÖÐ- OG BEINLAUS

25%
afsláttur

899 kr/kg

áður 1.198 kr/kg

RAUÐSPRETTUFLÖK

30%
afsláttur

699 kr/kg

áður 998 kr/kg

FRANSKAR KARTÖFLUR
1 KG

299 kr/pk.

Frábært verð!

HVÍTLAUKSBRAUÐ
175 G

99 kr/stk.

Líttu á verðið!

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

gildir meðan birgðir endast
birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Stjórnarliðar vilja umbylta fiskveiðistjórnuninni:

Óvissar afleiðingar

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, varaformaður sjávarútvegsnefndar Alþingis og einn af talsmönnum stjórnarliðsins í sjávarútvegsmálum, skrifaði merkilega grein í Fréttablaðið í gær, þar sem hún útlistar hvernig skapa megi nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi og hvetur íslenska jafnaðarmenn til dáða í málinu.

Grein Ólínu er ekki sízt athyglisverð fyrir þær sakir, að þar fæst hún ekki eingöngu við það grundvallarálitamál hvernig megi í nafni réttlætis tryggja að hluti af arðinum af fiskveiðiaudlindinni renni til almennings. Hún vill í raun umbylta núverandi stjórnkerfi fiskveiða með enn róttækari hætti en sumir aðrir talsmenn svokallaðrar fyrningarleiðar í sjávarútvegi, sem er hin formlega stefna ríkisstjórnarinnar og mörgum þykir nógu róttæk.

SKOÐUN

Ólafur Þ.
Stephensen

olafur@frettabladid.is



árum þegar trillusjómenn fiskuðu tugi þúsunda tonna umfram kvóta og ráðgjöf vísindamanna. Frjálsar veiðar stuðla ekki að ábyrgri umgengni við auðlindina.

Ólínu finnst hið versta mál að „mörg þúsund störf hafi farið förgörðum í nafni rekstrarhagræðingar og hagkvæmni innan greinarinnar“. Kannski finnst henni líka vont að vélvæðing og stækkun búa í landbúnaði hafi kostað tugi þúsunda starfa undanfarna öld eða svo. Það er furðu auðvelt að gleyma gegndarlausri sóun og rányrkju sem fór fram með allt of stórum fiskiskipafloða og óhagkvæmum einingum í sjávarútveginum. Afkoma greinarinnar var afleit og eingöngu hægt að bjarga henni með reglulegum gengisfellingum.

Ólínu finnst vont að íslenskur fiskur skuli fluttur til útlanda og unninn í útlendum fiskvinnslustöðvum. Það verður ekki skilið öðruvísi en svo að hún vilji leggja hömlur á slíkan útflutning og þar með á það alþjóðlega viðskiptafrelsi sem flokkur hennar styður, að minnsta kosti í orði kveðnu.

Þingmaðurinn vill innleiða „samfélagsleg gildi“ og byggðasjónarmið í sjávarútveginn og bjarga honum frá „tilviljanakenndum markaðslögmálum“. Þetta er kunnugleg orðræða stjórnmalamanna í löndum þar sem sjávarútvegurinn er rekinn sem ríkisstyrktur bóbjargaatvinnuvegur en ekki sem undirstöðuatvinnugrein.

Þegar málflutningur stjórnarliðsins er á þennan veg er engin furða að atvinnurekendur krefjist þess að fyrirkomulag fiskveiðistjórnunarinnar verði neglt niður áður en þeir gera kjarasamninga. Og það er heldur engin furða að mikill meirihluti almennings vilji samkvæmt könnunum fara samningaleiðina; halda núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi en semja upp á nýtt við útgerðina um gjald hennar fyrir auðlindina. Fyrir þeirri leið er meirihluti í stuðningsliði stjórnarflokkanna beggja, eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag.

Kvótakerfið er ekki gallalaust, en engu að síður það kerfi sem hefur reynzt bezt við fiskveiðistjórnun. Þegar mörg önnur kerfi þjóðfélagsins eru í uppnámi er ekki ástæða til að rústa eitt af þeim sem virka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLÉG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edvald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

RE/MAX
LND

Ásett
verð **4,9 m**

Þjónustufyrirtæki

- Auðveldur rekstur fyrir duglegan einstakling
- Aðeins opið um helgar eins og staðan er í dag
- Mjög miklir möguleikar á að auka tekjur
- Auðveld kaup fyrir trausta aðila
- Fyrirtækið getur borgað sig upp á ca 3 mánuðum þar sem það er í friu húsnæði fyrst um sinn

Hafðu samband
Vesteinn Gauti Hauksson
Fyrirtækjargæðgjafi
861 4080 / 510 7919
vesteinn@remax.is

Hafðu samband
Pólaína Jónsson hdl.
Útga. Fyrirtækisráðgjafi

Málefnaleg rökræða

Heilbrigðis- þjónusta



Gunnar
Ármannsson
framkvæmdastjóri
PrimaCare

Nýverið hefur í dagblöðum og ljós-vakamiðlum birst gagnrýni á fyrirhuguð áform um innflutning á erlendum sjúklingum til Íslands. M.a. hefur Ögmundur Jónasson innríkisráðherra verið duglegur að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þrátt fyrir gagnrýni hans hefur hann þó látið hafa eftir sér að svo fremi sem ekki verði grafið undan almannaþjónustunni og skattfé borgaranna ekki notað þá sé hann ekki mótfallinn hugmyndunum.

Það er ánægjulegt og tímabært að þessi umræða fari fram og fái þá athygli sem eðlilegt er fyrir nýjar hugmyndir sem geta haft viðtæk áhrif til framtíðar. Hingað til hafa sumir þeirra sem um málið hafa fjallað á opinberum vettvangi gert það af takmarkaðri þekkingu og fordómum. Á það sérstaklega við um þann markað sem verið er að leita á og jafnframt um áform þeirra sem eru að reyna að hrinda nýjum hugmyndum í framkvæmd. Því er mikilvægt að rökræða um málefnið fari fram þannig að unnt sé draga fram í sviðsljósið kosti og galla þessara áforma.

Til að umræðan verði málefnaleg er æskilegt að talsmenn beggja sjónarmiða,

með og á móti, temji sér slíka nálgun. Ingibjörg Pálmadóttir fyrrverandi heilbrigðisráðherra og Ögmundur Jónasson gera aðstandendum þessara áforma upp fyrirætlanir eins og að til standi að komast inn bakdyrarnar inn í íslenska heilbrigðiskerfið og að koma hér upp tvöföldu heilbrigðiskerfi. Hvað varðar áform PrimaCare stendur hvorugt til og fékk Ögmundur Jónasson frá fyrstu hendi upplýsingar um það á næstsíðasta degi hans í embætti heilbrigðisráðherra. Ingibjörg hefur ekki óskað eftir neinum upplýsingum um áform PrimaCare áður en hún ákvað að gera forsvarsmönnum fyrirtækisins upp ímyndaðar fyrirætlanir.

Að sjálfsögðu er aðeins hægt að drepa á fá atriði í stuttri grein sem þessari en ég vænti þess að á næstu vikum og mánuðum muni verða áframhaldandi umræða um þessi áform.

Það er einnig von mín að þeir sem vilja leggja rökræðunni gott til geri það á uppbyggilegan hátt með það í huga hvernig við getum best tryggt að ný starfsemi fái brautargengi og geti skapað störf og gjaldeyriskjör án þess að raska því kerfi sem við viljum búa við.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Leyndi sér ekki

Einar K. Guðfinnsson Sjálfstæðisflokkur er í hópi þeirra sem líta á uppkomuna í Alþingishúsinu 8. desember 2008 sem árs á Alþingi. Í bloggpostum hefur hann meðal annars sagt að fólkið hafi ætlað að koma þinginu frá og að lögreglumenn og þingverðir hafi afstýrt því að Alþingi yrði hertekið. Þetta eru miklar fullyrðingar en Einar rökstyður auðvitað mál sitt. Það sem hann hefur fyrir sér er að „herópin“ voru á þann veg að það „leyndi sér ekki“ að fólkið taldi sér réttlætianlegt að koma þinginu frá með ofbeldi.



Leikslok

Einar segir líka að ekki hafi mátt miklu muna að mannföldi, sem sýnilega var í vígamóð, réðist inn um veikburða dyr milli þingpalla og ganga fyrir framan þingsalinn. „Þá hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum,“ skrifar Einar. Einmitt.

En hvað?

Þar sem lesendur Einars eru misvel að sér um hugsanagang hans hefði hann mátt skýra þetta svolítið nánar. Gagnlegt væri til dæmis að hann upplýsti hvað nákvæmlega hefði gerst ef mannföldinn hefði ráðist inn um þessar veikburða dyr? Eins væri gott að vita hver leikslökin hefðu orðið? Á Einar við að ef fólkinu hefði bara tekist að komast inn um þessar veikburða dyr hefði því tekist að koma þinginu frá? Hefði því þá tekist að hertaka Alþingi? Hefði það í framhaldinu getað sett landinu lög? bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR



Hvernig heilbrigðisþjónustu vilja Íslendingar?

Heilsuþæsla

Helga Bragadóttir

dósent, vara-
deildarforseti
Hjúkrunarfræðid. HÍ



Skyldu ráðamenn þjóðarinnar og almenningur gera sér grein fyrir því að skertar fjárveitingar bitna á gæðum náms, sem aftur leiðir til þess að nemendur eru ekki eins vel í stakk búnir að takast á við framtíðarverkefni s.s. að veita gæða heilbrigðisþjónustu? Eins og fram kemur í grein Friðriks Más Baldurssonar í Fréttablaðinu 11. jan. sl. er það útbreiddur misskilningur að miklu fé sé varið til háskólamenntunar á Íslandi og að menntunarstig sé hátt hér á landi. Þvert á móti er líklega allt of litlu fé varið í það skólastig og útkoman eftir því hvað fjölda háskólamenntaðra varðar. Gögnin sem upplýsingarnar sem Friðrik Már vísar í eru frá 2008 þegar góðari ríkt megnið af árinu. Nú er öldin önnur, fjárveitingar til menntamála skornar grimmt niður þrátt fyrir aðvaranir reyndra þjóða í efnahagskreppum og því má vænta enn lakari útkomu fyrir Ísland í næstu skýrslum. Því er það grundvallarspurning hvort menn séu reiðubúnir að lifa við það að heilbrigðisstarfsmenn framtíðarinnar verði ekki eins færir í sínum störfum og nú er og þjónustan lakari? Sem gæti fært okkur aftur um áratugi með fjölgun ungbarnadaða, verri lífslíkum og alvarleg heilbrigðisvandamál sem við teljum okkur svo vel hafa unnið á síðustu áratuginu. Hvernig heilbrigðisþjónustu viljum við að börnin okkar og barnabörn njóti? Þetta eru grundvallar

spurningar sem ég spyr ráðamenn þjóðarinnar og almenning allan.

Stjórnendur í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands standa frammi fyrir miklum vanda í sínum störfum. Ekki einungis hefur hjúkrunarfræðinám mátt þola ranga fjárveitingu frá upphafi, heldur er nú eins og víða annars staðar gerð krafa um mikinn niðurskurð sem okkur í hjúkrunarfræðideild er ómöglegt að mæta nema með verulega skertri þjónustu við nemendur. Hjúkrun er klínískt fag líkt og önnur heilbrigðisvísindafög s.s. læknisfræði sem þýðir að þjálfun og kennsla í hjúkrunarfræði verður að vera bæði fræðileg og verkleg. Hér á landi eru gerðar miklar kröfur

hefur verið bent á hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands af eftirlitsaðilum þegar krafa hefur verið gerð til skólanna um að bæta nám sitt. Af þessu hafa hjúkrunarfræðideild og íslenskir hjúkrunarfræðingar almennt verið afar stolt. En ef heldur fram sem horfir má vænta breytinga í þessum efnunum. Fjársvælti til Háskóla Íslands og röng úthlutun fjár til hjúkrunarfræðináms leiða nú þegar til skertrar þjónustu við nemendur. Kennsla og leiðsögn hefur þegar verið og mun enn verða skert miðað við þær fjárveitingar sem boðaðar eru, sem hlýtur á endanum að leiða til slakari gæða heilbrigðisþjónustunnar.

Hjúkrunarfræðingar eru

Ekki einungis hefur hjúkrunarfræðinám mátt þola ranga fjárveitingu frá upphafi, heldur er nú eins og víða annars staðar gerð krafa um mikinn niðurskurð.

til þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu og hafa þeir sem kenna á þeim sviðum lagt metnað sinn í að undirbúa nemendur sína sem best til að mæta þessum kröfum í samfélaginu. Árangur heilbrigðisþjónustu á Íslandi er talinn mjög góður á heimsvísu og hafa aðrar þjóðir viljað læra af okkur. Þetta höfum við í hjúkrunarfræðideild orðið áþreifanlega vör við. Á hverju ári hafa við okkur samband og heimsækja okkur erlendir aðilar sem leita ráða um það hvernig þeir geti byggt upp öflugt hjúkrunarfræðinám svo að veita megi gæða heilbrigðisþjónustu í þeirra heimalöndum. Erlendum háskólum

stærsta heilbrigðisstéttin. Enginn Íslendingur fer í gegnum lífið án þess að eiga nokkrum sinnum eða oft samskipti við hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræði snertir allt líf manns. E.t.v. hugsum við ekki um þetta svona dags daglega en allt frá vöggu til grafar koma hjúkrunarfræðingar við sögu, í ung- barnaeftirliti, í skólahjúkrun, á heilsugæslunni, á sjúkrahúsum, í heimahjúkrun, á hjúkrunarheimilum. Góð menntun hjúkrunarfræðinga er einn af hornsteinum gæða heilbrigðiskerfis. Eru ráðamenn og almenningur reiðubúnir að horfa fram á afturför í menntun og þjónustu hjúkrunarfræðinga?

Ofbeldi hugarfarsins

Öðlingurinn

Stefán Máni
ríthöfundur



Flestir hafa frekar skýra hugmynd um hvað ofbeldi er. Einhver er laminn í miðbænum um nótt og liggur þungt haldinn á spítala: ofbeldi. Lögregla er kölluð á heimili þar sem karlmaður lemur barnsmóður sína fyrir framan börnin: ofbeldi. En eins og svo margt annað leynist ofbeldi víða og á sér margar birtingarmyndir og ekki allar jafnaugljósar og í dæmunum hér á undan. Það er auðvelt að benda á dæmigerða ofbeldismenn (t.d. handrúkkara) og lifa í þeirri blekkingu að maður sjálfur beiti aldrei ofbeldi.

Líkamlegt ofbeldi er bara toppurinn á ísjakanum. Samfélagið er gegnsýrt af ýmiss konar hegðunar- eða hugarfarsofbeldi.

Umferðin: Að keyra of hratt er ofbeldi. Að stoppa ekki fyrir gangandi vegfarendum er ofbeldi. Að svína, frekjust og flauta er ofbeldi.

Inni á heimili: Að beita lamandi þögn er ofbeldi. Að stýra fólki með illilegum svipbrigðum og augnaráði er ofbeldi. Að sussa á barn þegar fréttatíminn hefst er ofbeldi.

Vinnustaðir og skólar: Einelti er ofbeldi. Valdníðsla er ofbeldi. Auðvitað er langur vegur frá því að sussa á barn til útrýmingarþúða nasista, en ofbeldi er alltaf ofbeldi og ef það er ofbeldi í huganum mun það einn daginn brjótast út og bitna á einhverjum.

Klám er ofbeldi. Það skildi ég ekki áður, en svo rann upp fyrir mér ljós: Bak við „glansmyndina“, blekkinguna, er bara hópur af allsberu fólki sem fær borgað fyrir að

nauðga hvert öðru, og þar með var gamanið búið fyrir mig.

Einu sinni var klám sóðalegt tabú, en með tímanum hefur það læst inn á miðjuna, í dagsbirtuna, og þykir ekki lengur neitt tiltökumál. Tískan litast af klámi og það þykir sjálfsagt að ögra, að vera yfirborðskenndur og djarfur, að tengja sig við menningu sem kennd er við klám.

Í klámi eru konur hlutir, glimm- eruð kjötstykki sem hafa þann tilgang einan að vera til taks fyrir þá sem vilja ríða. Svona einfalt. Þetta er svona þykjustuleikur sem er orðinn að fúlustu alvöru.

Hugarfar klámsins hefur smitast inn í samfélagið. Drengir alast upp í þessu hugarfari, meira eða minna: alveg örugglega meira en þegar ég

Líkamlegt ofbeldi er bara toppurinn á ísjakanum. Samfélagið er gegnsýrt af ýmiss konar hegðunar- eða hugarfarsofbeldi.

var unglingur, netlaus í árdaga vídeótækjanna. Hugarfar kláms er hugarfar ofbeldis. Það er ekki hægt að banna klám, en ég held að samfélagið þyrfti að vera meðvitaðara um neysluna á því og hugarfarinu sem henni fylgir. Að horfa með girndaraugum á ókunnuga konu er ekki það sama og að klappa henni á rassinn eða draga hana afsíðis og nauðga henni.

Frá hugarfarinu til glæpsins er langur vegur, en það eru bara svo margir ungir menn lagðir af stað eftir þessum síbreikkandi, neonlýsta vegi. Því miður.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnröð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



Lífeyrissparnaður



Það borgar sig að byrja strax að spara

Það getur munað miklu að eiga viðbótarlífeyrissparnað við starfslok. Því fyrr sem þú byrjar að spara og safna, því betra – og inneign þín verður mun meiri við starfslok.

Gakktu strax frá sparnaðinum hjá eigna- og lífeyrisþjónustu Íslandsbanka á Kirkjusandi eða í næsta útibúi.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4900

Íslandsbanki

Ekki benda á mig!

Reykjanesbær

Friðjón Einarsson

bæjarfulltrúi
Samfylkingarinnar í
Reykjanesbæ



Bæjarfulltrúar Reykjanesbæjar leggja metnað sinn í að vinna að bættum hag íbúa bæjarfélagsins og það þýðir að á stundum verða menn að gagnrýna starfs-hætti meirihlutans. Lesendum er vonandi ljóst að margt hefur misfarist við stjórnun bæjarins á undanförunum árum.

Bærinn er jú fallegr, sumar göturnar betri en áður og grasið grænna, en það breytir ekki þeirri

staðreynd að Reykjanesbær og dótturfyrirtæki hans eru flest öll í svo alvarlegri stöðu að ekkert má út af bera.

Nú er ljóst að bæjarbúar þurfa að borga kostnaðinn af óráðsú meirihlutans en niðurskurður er fyrirhugaður á öllum sviðum bæjarins annað árið í röð. Skuldir hafa fimmfaldast á átta árum hjá bæjarsjóði, úr rúmlega 5 milljörðum í um 30 milljarða.

Ég nefni þetta hér vegna skrifa bæjarstjórans og forystumanns sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ, Árna Sigfússonar, í Fréttablaðinu nýverið, en þar kvartar hann yfir gagnrýni minnihlutans og einelti fjölmiðla. Ekki síst kvartar hann yfir viðmiðunum sem Eftirlits-

nefnd sveitarfélaga hefur haft um tengsl skulda og tekna sveitarfélaga.

Þessi viðbrögð koma ekki á óvart. Undanfarin ár hafa allir þeir sem hafa gagnrýnt starfs-hætti meirihluta sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ verið dæmdir neikvæðir og á móti atvinnuuppbyggingu.

Vegsemd fylgir vegferð hverri. Sjálfstæðismenn hafa ekki sýnt ábyrgð í útgjöldum á undanförunum árum og kenna ætíð öðrum um, nú stjórnvöldum og fjölmiðlum.

En – laun hafa verið skert, starfshlutföll minnkuð, sjóðir hafa tæmst og tekjur duga ekki lengur fyrir útgjöldum. Víkingaheimar eru gjaldþrota, Hljómahöllin foheld



Sjálfstæðismenn hafa ekki sýnt ábyrgð í útgjöldum á undanförunum árum og kenna ætíð öðrum um, nú stjórnvöldum og fjölmiðlum.

og tóm og Reykjaneshöfn hangir á bjargbrúnni. Þessi niðurstaða þarf ekki að koma neinum á óvart þar sem hefðbundinn rekstur hefur verið neikvæður í mörg ár.

Samfylkingin hefur lengi verið gagnrýnin á vinnubrögð Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ og þörf hans til að deila og drottna yfir samfélaginu.

Ég er sammála bæjarstjóranum um að áskanir búa ekki til störf en

gagnrýnin umræða er nauðsynleg til að lagfæra það sem misfarist hefur á undanförunum árum til að byggja upp til framtíðar.

Samfylkingin styður öll góð atvinnuverkefni hér í bæ en vill gæta varúðar í rekstri og skuldbindingum bæjarsjóðs. Við viljum sýna ábyrg vinnubrögð sem þola alla skoðun og þannig og aðeins þannig lærum við að endurtaka ekki mistök fortíðar hér í bæ.

Ópurftarverk

Listir

Ólafur Gíslason

listfræðingur



Sú nýbreytni hefur verið tekin Supp af Listvinafélagi Hallgrímskirkju að efna til sýninga í anddyri kirkjunnar þar sem framkvæmdinni er fylgt eftir með fræðilegum skrifum og samræðu milli listamanns, listfræðings og guðfræðings.

Það er Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarkona sem hefur átt frumkvæði að þessari nýbreytni, og hefur hún skilað áhugaverðum sýningum og skapað nýjan og áhugaverðan samræðuvettvang milli kirkjunnar og myndlistarinnar og á milli myndlistarinnar og samfélagsins. Sjálfur kom ég að þrem sýningum að beiðni Guðrúnar og kynntist fagmannlegum vinnubrögðum hennar og einlægum vilja að vinna myndlistinni og samfélaginu til heilla með því að koma á opinskáu stefnumóti hugmynda sem ekki falla alltaf saman.

Undirbúningur að sýningum þessum var vandaður og í kring um þær búin til samræða milli kirkjunnar og myndlistarinnar, þar sem ég tók að mér það hlutverk að fylgja sýningunum eftir með fræðilegum textum og með þátttöku í samtali við listamennina og guðfræðinga, sem þeir sjálfir höfðu valið,

og var því stýrt af Ævari Kjartanssyni útvarpsmanni. Þetta starf var allt afar ánægjulegt og að mínu mati bæði þakkar- og virðingarvert af kirkjunni að opna fyrir þennan nýja og fordómalaus samræðuvettvang myndlistarinnar og samfélagsins.

Það var ekki ætlun mín að blanda mér í þá atburðarás, sem varð til þess að sýning Hannesar Lárussonar var ekki sett upp og ég tel fyrst og fremst hafa verið sorgleg mistök, en nú þegar stjórn Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík og myndlistargagnrýnandi RÚV hafa sameinast um að bera alvarlegar áskanir á Guðrúnu Kristjánsdóttur, Listvinafélagið, kirkjuna og aðra aðstandendur sýningarinnar vegna þessa máls, og saka þessa aðila um „þöggun“ er líkja megi við yfirbreiðslu bankaræningjanna sem settu íslenskt þjóðfélag á annan endann, þá get ég vart orða bundist lengur.

Það er ekki einfalt mál eða sjálfgefið að skapa myndlistinni rými í kirkjuanddyri og það kallar á nýja nálgun frá hendi listamannsins jafnt sem annarra aðstandenda sýningarinnar. Gestir þessara sýninga eru ekki þeir sömu og sækja listasöfnin, og flestir koma í kirkjuna í öðrum erindagjörðum en að horfa á myndlist. Það eru þeir sem koma til að gleðjast yfir skírðu barni eða syrgja látna ættingja og þeir sem koma til reglubundinna kirkjuathafna, tónleika o.s.frv. Það er ögrun fyrir

listamann að takast á við slíkar aðstæður og vinna út frá þeim með þeim hætti að úr því geti orðið raunveruleg samræða. Hannes Lárusson hafði undirbúið nokkuð flókna og forvitnilega sýningu sem tók á tilvistarlegum spurningum er snerta ekki bara iðkendur kristinnar trúar, heldur í vissum skilningi líka þá sem trú á heilög gildi myndlistarinnar. Þetta var ögrandi hugmynd sem hafði alla burði til að kalla fram áleitnar spurningar um tilvist Guðs og um tilvist þeirra frumlægu gilda sem myndlistin hefur gert tilkall til, án tillits til guðfræðilegra eða kristilegra skírskotana. Sýningin myndaði að mínu mati nokkuð samstæða heild að öðru leyti en því að henni átti að fylgja stuttermabolur með teikningum af líkamspörtum, sem ég gat ekki séð að væru í neinu samhengi við inntak sýningarinnar. Þessi stuttermabolur átti að vera til sölu á sýningarsvæðinu að sögn Hannesar. Það var ekki mitt hlutverk að hafa áhrif á framsetningu sýningarinnar, en ég hafði orð á því við sýningarstjóran að mér þætti þessi teikning og þessir bolir villandi og spilla fyrir inntaki



Með framferði sínu hafa listamaðurinn, fagfélag hans og listgagnrýnandi RÚV lagt sitt að mörkum til að eyðileggja þennan áhugaverða vettvang.

sýningarinnar, sem og titill hennar, „Líkamshlutar í trúarbrögðum“, sem mér fannst ekki vísa til inntaks sýningarinnar að neinu leyti, enda þunga-miðja hennar stór hani gerður úr gráum svampi. Við Guðrún vorum sammála um þetta mat, og hún mun hafa komið því á framfæri við Hannes.

Hann tók ekki tillit til þeirra ábendinga svo bolirnir voru áfram hluti sýningarinnar. Þegar senda átti út fréttatilkynningu um opnun sýningarinnar vildi Hannes hins vegar að teikningin yrði birt með henni og notuð sem boðskort og auglýsing, en Guðrún varð ekki við þeirri ósk af gildum ástæðum og í fullum rétti sem sýningarstjóri og ábyrgðarmaður sýningarinnar. Það var í kjölfar þessa sem Hannes fór án samráðs við nokkurn mann og hengdi teikningu sína upp í kirkjuanddyrinu sem auglýsingu meðan á jarðarför stóð.

Auglýsingin kom starfsfólki kirkjunnar í opna skjöldu og var hún samstundis fjarlægð og ákveðið að fresta sýningunni. Starfsmenn kirkjunnar voru í fullum rétti að fjarlægja þessa auglýsingu, en þær persónulegu árásir sem Guðrún og

starfsfólk kirkjunnar máttu þola frá hendi Hannesar í kjölfarið voru málstað hans því miður ekki til sóma.

Það er með ólíkindum að stjórn Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík skuli leggja svo lágt að líkja þeim aðilum, sem höfðu lagt á sig ómælda vinnu og fyrirhöfn við að koma upp þessari sýningu á faglegum forsendum, við þau pólitísku spillingaröfl sem rændu banka Íslendinga og settu íslenska þjóðfélagið á hvolf. Kirkjan hefur ekki sýnt starfi myndlistarmanns Hannesar Lárussonar „takmarkalaust virðingarleysi“ eins og segir í bréfi Myndhöggvarafélagsins. Þvert á móti var hún öll af vilja gerð að koma á framfæri áhugaverðri og ögrandi sýningu. Þar lögðust allir á eitt, Guðrún sem sýningarstjóri, stjórn Listvinafélagsins, séra Sigurður Árni Þórðarson, Ævar Kjartansson, Sarah Brownberger þýðandi og ég. Í kjölfar þess sem á undan var gengið afþakkaði Hannes síðan formlega frekara samstarf við kirkjuna og Listvinafélag hennar og aflýsti sinni eigin sýningu.

Með framferði sínu hafa listamaðurinn, fagfélag hans og listgagnrýnandi RÚV lagt sitt að mörkum til að eyðileggja þennan áhugaverða vettvang íslenskra myndlistarmanna til að ná til nýrra áhorfenda og takast á við tilvistarlegar spurningar trúarinnar á hennar eigin vettvangi. Það getur vart kallast annað en ópurftarverk.



QASHQAI

Nissan Qashqai hefur farið sigurför um Evrópu og verið mest seldi billinn í sínum flokki undanfarin misseri. Nú er komin glæný og mikið endurnýjuð útgáfa af þessum frábæra sportjeppa, sem líka má fá í 7 manna útfærslu, Qashqai+2. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

Nánari upplýsingar á www.nissan.is



NISSAN JUKE

Framhjóladrifinn, sjálfskiptur, 1.6 bensín, eyðsla 6,3 l/100km, CO₂ losun 145 g/km.
3.850.000 kr. / 44.221 kr. pr.mán.*



NISSAN QASHQAI

5 manna 4WD, sjálfskiptur, 2.0 bensín, eyðsla 8,2 l/100km, CO₂ losun 189 g/km.
4.990.000 kr. / 57.227 kr. pr. mán.*



NISSAN QASHQAI+2

7 manna 4WD, sjálfskiptur, 2.0 bensín, eyðsla 8,2 l/100km, CO₂ losun 194 g/km.
5.390.000 kr. / 61.790 kr. pr. mán.*



ÓBREYTT VERÐ!

Verð frá:
4.990.000

Eyðsla: 8.2 l/100 km
CO₂ losun: 189 g/100 km

*Mán.greiðsla m.v. 30% útb. og bílasamning í 84. mán.



Staðgöngumæðrun verður umfjöllunarefni á fundi sem Femínista-félag Íslands efnir til í Friðarhúsinu á horni Snorrabrautar og Njálsgötu í kvöld klukkan 20. Þar munu taka til máls lækningar, siðfræðingar og meðlimur úr Staðgöngu, stuðningsfélagi staðgöngumæðrunar á Íslandi.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

MEDGÖNGUSUND
Sundleikfimi hjá sjúkrahjálurum.
Dagtimar á Hrafnistu í Reykjavík
Kvöldtimar á Reykjalundi í Mosfellsbæ

s. 412 3253
www.medgongusund.is
medgongusund@medgongusund.is

Eirberg

Einnota latex hanskar
Tilboð á stærð XL
Verð 499 kr. án vsk.

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

Patti Húsgögn
Landsins mesta úrval af sófasettum

Útsala Útsala Útsala
10-50 % afsláttur

sófar
tungusófar
sófasett
hornsófar
stakir sófar
relax stólar
relax sófar
borðstofuhúsgögn
skrifstofuhúsgögn

sófaborð
rúm
rúmgaflar
kojur

Opíð : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF FRÆGA FÓLKINU

Deildu Vísir með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísir á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

Andrea Ösp Karlsdóttir er í aðalhlutverki í Tell My Heart How sem frumsýnd verður í LA í lok vikunnar.



MYND/JÓNÍNA GUÐBJÖRG ARADÓTTIR

Nánast önnur hver mann-
eskja í Hollywood er
leikari svo lífsbarátt-
an snýst um að vinna
sig áfram og þá gildir dugnað-
ur, ákveðni og vinnusemi,” segir
Andrea Ösp, sem hefur búið í
Los Angeles í þrjú ár. Þar verður
frumsýnd mynd í vikulokin sem
hún leikur aðalhlutverk í og nefn-
ist Tell My Heart How. Myndin er
eftir Pamela Wells sem er þekkt
fyrir seríuna The Heartbreakers.
Hún var sýnd í Cannes í maí á síð-
asta ári og áform eru um að gera
sjónvarpsþætti eftir henni. Þar á
Andrea Ösp hlutverk sitt víst.

Andrea Ösp lauk þriggja ára
námsefni í leiklist á tveimur
árum við American Academy and

Dramatic Arts og hlaut gráðuna
Associate of Arts ásamt verðlaun-
um sem besta leikkonan og besti
nemandinn. Henni var boðið þriðja
árið við skólann, sem einungis 24
nemendur komast inn í, og var
þar lögð áhersla á leikhússýning-
ar. „Meðal leikverka sem ég hef
verið í eftir útskrift er Hope sem
stýrt var af Broadway-leikstjóran-
um Joel Bishoff sem er alger snill-
ingur,” segir Andrea Ösp sem einn-
ig á nokkrar bíómyndir að baki.
Meðal þeirra A Lady When Press-
ed og Broken Art sem verða sýndar
á ýmsum kvikmyndahátíðum í ár
og Broken Art er á lista yfir mynd-
ir sem valið er úr til tilnefningar
til verðlauna fyrir bestu kvenleik-
stjórn. Tónlistarmyndbönd hafa

einnig verið meðal verkefna henn-
ar, þar á meðal eitt sem MTV-verð-
launahafinn Nathan Cox stjórnaði.

Los Angeles er Andreu Ösp að
skapi, ekki síst sökum fjölbreytn-
innar. „Hér er hægt að liggja á
ströndinni og fara á snjóbretti
sama daginn,” segir hún glæd-
lega. „Þótt ég og vinkonur mínar
tvær sem ég leigi með, vinnum
myrkra á milli reynum við líka
að heimsækja ólík hverfi, borgir
og strendur og fara í gönguferðir
og útilegur í fjöllum. Ég hef búið
á mörgum stöðum utan Íslands en
Los Angeles er fyrsti staðurinn
sem ég hef fest rætur í. Mig lang-
ar að vera hér áfram þó að Ísland
sé alltaf „heima“.

gun@frettabladid.is

ReSound Alera™

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

**Tækin sem fá lífið til að
hljóma eins og það er**

ReSound Alera™ heyrnatækin eru með kringóma hljóðvinnslu
sem gefa einstaklega skýr hljóð. Maður kann best að meta
þau í krefjandi samræðum þegar klíður eða skarkali er

Alera tækin:

- Bæta talskilning mikið og sérstaklega ef hávaði er í umhverfinu.
- Skipta sjálfvirkir um hljóðvinnslu þegar hljóðumhverfi breytist.
- Útiloka ýlfur og suð þegar talað er í síma eða við faðmlag.
- Leyfa notanda að njóta tónlistar eins og hún á að hljóma.
- Eru fyrstu heyrnatækin sem tengjast í raun þráðlaust, með 2.4 GHz senditíðni, við farsíma og sjónvarp.
- Byggja á nýjustu þekkingu og tækni og um 60 ára reynslu í gerð heyrnatækja

ReSound
rediscover hearing

Tímappantanir 534 9600
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is



BURT MEÐ BUMBUNA

Burrito
1.090



Tacos
1.240



SantaFe
1.290



Culiacan
MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is



Þeim fjölgar með hverju ári sem greinast með streptókokkasýkingu hérlandis. Afleiðingarnar geta verið alvarlegar.

Fleiri sýkjast á ári hverju

Streptókokkar eru hluti af bakteríuflóru líkamans og valda undir venjulegum kringumstæðum engum skaða. Þeir geta þó valdið sýkingum sem geta leitt til alvarlegra veikinda og í verstu tilfellum dauða.

Sex Íslendingar greinast að meðaltali með alvarlegar sýkingar af völdum streptókokka á ári. Slíkar sýkingar finnast þá í blóði, liðum eða mænuvökva og geta endað með innlögnum og í verstu tilfellum dauða, en nýverið lést ungur drengur af völdum streptókokkasýkingar hérlandis.

Haraldur Briem, sóttvarnalæknir hjá Landlækniseimbættinu, segir alvarlegar streptókokkasýkingar hafa dregið 22 Íslendinga til dauða á árunum 1975 til 2002, samkvæmt rannsókn sýklafræði- og smitsjúkdómadeildar Landspítalans. „Alls greindust 179 einstaklingar á tímabilinu með alvarlega sýkingu, þar af 42 börn. Rannsóknin sýndi að tíðni greindra sýkinga hafi farið vaxandi á tímabilinu en að dánartíðnin hafi að sama skapi minnkað eftir því sem á leið og er það í takt við þróunina á hinum Norðurlöndunum.“

Haraldur segir streptókokka

hluta af eðlilegri bakteríuflóru líkamans sem undir venjulegum kringumstæðum valdi engum skaða. „Komist þeir á staði þar sem þeir eiga ekki heima geta þeir leitt til veikinda, en hálsbólga er algengasta einkennið og sjást þá hvítar skánir á eitlunum. Margir eru þó einkennalausir, læknað þá af sjálfu sér og eru ólíklegir til að smita aðra.

Stundum getur streptókokkasýking farið í húð, sem birtist í raudum og vel afmörkuðum skellum, eða ofan í lungu og valdið ýmsum vandamálum allt eftir staðsetningu. Þá sem greinast snemma er hægt að lækna með sýklalyfjum og sýkingarnar skilja þá ekki spor eftir sig.“

Öðru máli gegnir hins vegar þegar bakteríurnar komast í blóð og innri líffæri að sögn Haraldar. „Þá er gangurinn mjög hraður og afleiðingin oft alvarleg. Þetta er sem betur fer sjaldgæft.“ Haraldur

segir oft ekki vitað hvaða áhættuþættir liggja að baki alvarlegum sýkingum. „Ekki er vitað af hverju sumir veikjast og jafnvel ítrekað en aðrir ekki. Það er þó alveg á hreinu að rof á húð auðveldar sýkingar þar,“ tekur hann fram og segir erfitt að spá fyrir um hverjir séu líklegri til að fá alvarlegar sýkingar. „Í því samhengi hafa menn meðal annars velt fyrir sér erfðafræðilegum þáttum.“

Haraldur segir fulla ástæðu að fara í skoðun leiki grunur á streptókokkasýkingu og fá viðeigandi meðferð ef þörf krefur. „Ræktanir eru ekki teknar nema einkenni komi fram. Greinist sýking er viðkomandi gefin sýklalyf, sem er ráðlagt að nota sparlega, en engin bóluefni eru til við þessu,“ segir hann og getur þess að fólk geti sjálft dregið úr líkum á sýkingu. „Með því að vera duglegt að þvo sér um hendur og gæta almenns hreinlætis.“

roald@frettabladid.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍRÓTTIR LÍFIÐ UMFRÆÐAN

vísir.is

Meiri Vísir.

Ertu með eitthvað gott á þrjónunum?

Sjálfboðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins þrjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og þrjóna í húsnæði deildarinnar Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn **26. janúar** kl. 15-18.

Á staðnum verða þrjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið þrjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

Viltu breyta mataræðinu til batnaðar á einfaldan og öfgalausán hátt?

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

Þriðjudaginn 1. febrúar kl. 19:30
Þriðjudaginn 8. febrúar kl. 19:30

ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.

FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:

- Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
- Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu
- Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst

Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmulá 5, kl. 19:30 - 22:00

Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.400 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á eig@heima.is



www.heilsuhusid.is

heilsuhúsið





Jafnari orka

Haraldur Magnússon osteópati er einn
helsti talsmaður lággölmataæðis
á Íslandi.

BLS. 2



FRÉTTABLAÐIÐ



Eirberg

BAUERFEIND®

Fjölbreytt úrval stuðningshlífa

- Góður stuðningur
- Einstök hönnun
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Viðurkennd gæði

Fagleg ráðgjöf sjúkraþjálfara
Tímapantanir



Hrein og öflug lífræn orka

Svalandi

Grænt te og ginseng. Bragðbætt með Acai safi og granateplum með lágu GI-gildi, sem skilar orkunni hægt út í blóðið og gefur jafnvægi á blóðsykurinn.



Vissir þú að grænt te er vatnslosandi?

Hressandi

Svart te og ginseng. Orkudrykkur sem er ljúffengur á bragðið og ríkur af andoxunar-efnum.



Vissir þú að POWERSHOT er svalandi drykkur?

Frískandi

Hvitt te og ginseng. Bragðbætt með kirsuberjasafi og Acai safi sem gefur sætt og ljúffengt bragð.



Vissir þú að lágt GI-gildi gefur jafnvægi á blóðsykurinn?

Haltu blóðsykrinum í jafnvægi



Haraldur upplifir sjaldan það orkuflökt sem margir kannast við yfir daginn.

FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

Að hætti frummannsins

Haraldur Magnússon hefur haft áhuga á heilsu og hollu mataræði frá unga aldri og er einn helsti talsmaður lággölgvetna-mataræðis hér á landi. Fréttablaðið tók hann tali og forvitnaðist um hvað í því fælist.

„Lággölgvetnamataræði byggir á því að lækka hlutfall gölgvetna í mataræðinu og þá sérstaklega hlutfall einfaldra gölgvetna. Frægasta dæmið um mataræði af þessu tagi er Atkins-mataræðið sem byggir á því að taka út nær öll gölgvetni. Það á hins vegar ekki við um lággölgvetnafæði heldur er miðað við að lækka gölgvetnainntöku niður fyrir 40 prósent af heildarorkuinn-töku og auka hlut prótína og fitu í staðinn,“ segir Haraldur Magnússon osteópati. Hann segir opinberar ráðleggingar um mataræði miða við að 60 prósent af heildarorkunni komi úr gölgvetnum en samkvæmt lággölgvetnafræðum er það of mikið. „Sífelld fleiri rannsóknir styðja það, auk þess sem ég hef reynt það á eigin skinni.“

LÆGRA HLUTFALL GÖLGVETNA

Haraldur hefur alltaf haft áhuga á mataræði og fór lengi vel mjög vel eftir Lýðheilsustöðvartamaræðinu sem byggir á að borða mikið af gölgvetnum og lítið af fitu. „Ég borðaði mikið af grófu brauði og pasta og drakk léttmjólk í staðinn fyrir nýmjólk svo dæmi séu nefnd. Árið 2000 var ég kominn í verulega slæm mál. Meltingin var í rugli,

ég var sífelld þreyttur og fann að ég þurfti að gera breytingar. Ég datt fljótlega niður á lággölgvetna-mataræði og leið miklu betur.“

GEFUR JAFNARI ORKU

MEÐ STUDNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDÍ.IS



VEISLU VIKA

25.–31. janúar

10 kjúklingabitar
Stór skammtur
af frönskum
2 lítra Pepsi

HORFÐU
Á HM
MEÐ KFC



McCain

2.990kr.



www.kfc.is

svooogott™

0gr.
trans-
fita

FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI



STRÁKARNIR OKKAR unnu eftirminnilegan átta marka sigur á Frökkum, 32-24, á HM í handbolta í Þýskalandi fyrir fjórum árum en leikurinn fór fram í Magdeburg 22. janúar 2007. Síðan hafa Frakkar unnið okkur á þremur síðustu stórmótum með samtals 22 marka mun (30-21 á EM 2008, 28-23 á ÓL 2008 og 36-28 á EM 2010).

Frakkar á stórmótum:

Eitt tap í síð- ustu 33 leikjum

HM 2011 Íslenska landsliðið þarf að vinna Frakka í kvöld ætli liðið að tryggja sér sæti í forkeppni Ólympíuleikanna en það gerist ekki á hverjum degi að Frakkar tapi leik á stórmóti.

Frakkar hafa nefnilega ekki tapað í 17 leikjum í röð á stórmótum og eina tap liðsins á síðustu fjórum stórmótum kom á móti Króötum (19-22) í lokaleik í milli-riðli á HM 2009 í leik sem skipti engu máli. Frakkar hafa unnið 28 af þessum 33 leikjum.

- 66j



Spiluðum illa sem lið

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari segir að frammistaða Íslands í fyrri hálfleik gegn Spánverjum hafi með öllu verið óásættanleg. Hann segir að liðið verði að rífa sig upp fyrir Frakkaleikinn í kvöld.

HM 2011 Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var að vonum mjög þungur á brún eftir tapið gegn Spánverjum í gær. Guðmundur og strákarnir ætluðu sér stóra hluti á þessu móti og nú er ljóst að þeir ná ekki þeim markmiðum.

„Við náum þeim ekki. Við þurfum að setjast yfir stöðuna og skoða framhaldið hjá okkur. Ég er afar óánægður með fyrri hálfleikinn hjá okkur. Eftir á að hyggja var hann það slæmur að við töpum leiknum þar. Við komum engu að síður til baka á frábæran hátt og strákarnir sýndu karakter. Það dugar bara ekki til þegar við gefum þeim tíu marka forskot,“ sagði Guðmundur, sem fannst leikmenn hengja haus of snemma í fyrri hálfleik.

„Mér fannst vanta hausinn í sóknarleik liðsins. Við sem lið spiluðum illa. Vorum að reyna línusendingar of snemma og boltinn endaði í höndunum á Spánverjum, sem refsðu okkur. Við vorum þá hvergi nærri. Ég var virkilega óhress með það. Það er óásættanlegt með öllu,“ sagði Guðmundur ákveðinn en hann vill líka meina að hlutirnir hafi aðeins fallið með Spánverjum.

„Þegar við náum að standa vörnina vel er höndin komin upp og þá hitta þeir beint í skeytin nokkrum sinnum. Það féll helvíti margt með þeim en engu að síður var þetta óásættanleg frammistaða af okkar hálfu. Það er ekki hægt að neita því. Við erum afar vonsviknir með



GUÐMUNDUR ÓSÁTTUR Landsliðsþjálfarinn talar hér við eftirlitsmann leiksins í leiklok en spænski þjálfarinn er að reyna að þakka honum fyrir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fyrri hálfleikinn hjá okkur.“

Guðmundur bíður það verkefni að rífa liðið upp fyrir leikinn gegn Frökkum í kvöld en strákarnir eru enn að keppa um að fá sæti í undankeppni Ólympíuleikanna og því má ekki leggja árar í bát.

„Ég hugsa að Þjóðverjaleikurinn hafi setið í okkur. Við förum samt yfir málin og menn gerðu sér grein fyrir því að við förum ekki taplausir í gegnum svona mót. Við verðum að rífa okkur upp og halda áfram. Þessi leikur var ákveðinn

lexía fyrir okkur en við verðum að klára mótið með sæmd og gefa það sem við eigum í lokaleikina í mótinu,“ sagði Guðmundur Guðmundsson.

Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason

fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is



ALBERTO ENTRERRÍOS Spánverjar áttu frábæran leik á móti Íslandi. MYND/AFP

Spánverjar eftir leikinn:

Spiluðum nánast fullkomlega

HM 2011 Valero Rivera, þjálfari Spánverja, var vitaskuld ánægður með frammistöðu sinna manna í leiknum gegn Íslandi í gær.

„Fyrri hálfleikurinn er eftirminnilegur fyrir okkur. Það er frábært að skora tuttugu mörk í einum hálfleik og fá aðeins á sig tíu gegn jafn sterkri liði og Ísland er,“ sagði Rivera á blaðamannafundi að leik loknum.

„Í seinni hálfleik sköpuðu þeir vandræði fyrir okkur í vörninni en samt náðum við að vinna með átta mörkum. Ég er því mjög ánægður með hvernig mitt lið spilaði,“ sagði Rivera.

Raul Entrerrios var valinn maður leiksins en hann skoraði sex mörk í leiknum.

„Við spiluðum nánast fullkomlega í dag, sérstaklega í fyrri hálfleik. Sóknarleikur okkar var árangursríkur og við sköpuðum mikið af opnum færum sem er jákvætt gegn jafn sterkri vörn og Íslendingar eiga. Leikur okkar var góður frá fyrstu til síðustu mínútu og við áttum sigurinn skilinn,“ sagði Entrerrios á blaðamannafundinum.

- sjj



Nýju debetkortin eru nú einnig rafræn skilríki sem auka tækifærin í rafrænum heimi

Rafræn skilríki létta þér lífið - með eitt lykilorð í stað margra. Þú sparar tíma, fé og fyrirhöfn, þar sem þú afgreiðir af meira öryggi á netinu, hvar og hvenær sem hentar.

Í framtíðinni eykst ávinningurinn, þá getur þú skrifað undir skjöl og skuldbindingar - og kosið rafrænt.

Þú getur nýtt þér rafræn skilríki víða. Kynntu þér málið í bankanum/sparisjóðnum þínum eða á skilriki.is



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ



AÐKENNI

VELKOMIN Í VERÖLD

Chelsea vann 4-0 sigur á Bolton og er með markatöluna 13-0 í síðustu 3 leikjum:

Chelsea-liðið komið í gang

FÓTBOLTI Chelsea-menn eru að komast í gamla formið í enska boltanum en liðið vann 4-0 stórsigur á Grétari Rafni Steinssyni og félögum í Bolton í ensku úrvals-deildinni í gærkvöldi. Chelsea er búið að vinna þrjá síðustu leiki með markatölunni 13-0 en áður hafði liðið unnið 7-0 bikarsigur á Ipswich og 2-0 deildarsigur á Blackburn.

Chelsea er nú fjórum stigum á eftir Manchester City (3. sæti) en liðið vantar enn sjö stig til þess að ná toppliði Manchester United, sem á auk þess leik inni.

Didier Drogba skoraði fyrsta markið á 11. mínútu með þrumuskoti af um 30 metra færi, eftir að Grétar Rafn Steinsson hafði misst frá sér boltann.

Florent Malouda kom Chelsea í 2-0 fjórum mínútum fyrir hálfleik þegar hann fylgdi á eftir eigin skoti eftir að fyrra skotið hans fór í varnarmanninn Gary Cahill.

Nicolas Anelka gerði síðan nánast út um leikinn þegar hann kom Chelsea í 3-0 á 56. mínútu eftir sendingu Michael Essien og undirbúning Florent Malouda.

Brasilíumaðurinn Ramires skoraði síðan fjórða markið á 74. mínútu þegar hann fylgdi eftir skoti Nicolas Anelka sem fór í varnarmann. Ramires opnaði þar með loksins markareikning sinn í enska boltanum í sínum 24. leik með Chelsea-liðinu.

Grétar Rafn Steinsson sneri aftur í lið Bolton eftir meiðsli og lék allan leikinn í hægri bakverðinum en hann hefur oft leikið betur en í gær.

- óó



DROGBA OG GRÉTAR Didier Drogba fagnar hér marki sínu í gær sem kom eftir mistök Grétars Rafns Steinssonar. MYND/AP

BJÖRGVAINSPÁNL

NOW virkar vel fyrir mig!

„NOW eru klárlega fæðubótarefni í landsliðsklassa fyrir alla íþróttamenn. Mæli sterklega með þessum vörum fyrir þá sem leita eftir styrk, úthaldi og snerpu -þær virka vel fyrir mig.“

NOW - Fullkomin lína af íþróttafæðubótarefnum - fánleg í verslunum um allt land

Gæði • Hreinleiki • Virkni

ÚRSLIT Í GÆR

Iceland Express kvenna

KR-Njarðvík 70-60 (39-29)

Stig KR: Chazny Paige Morris 16, Margrét Kara Sturludóttir 15, Signý Hermannsdóttir 11, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9, Hildur Sigurðardóttir 7, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 6, Helga Einarsdóttir 4, Hafrún Hálfðánardóttir 2.

Stig Njarðvíkur: Shayla Fields 19, Díta Liepkalne 13 (10 frák.), Árnína Lena Rúnarsdóttir 12, Julia Demirer 9 (14 frák.), Ólöf Helga Pálsdóttir 7.

EM 2012 í Futsal

Ísland-Grikkland 5-4 (2-1)

Mörk Íslands: Þórarinn Ingi Valdimarsson 2

Tryggvi Guðmundsson, Þorsteinn Már Ragnars son og Magnús Þorsteinsson. Magnús átti auk þess tvær stoðsendingar en Tryggvi og Eiður Aron Sigurbjörnsson lögðu báðir upp eitt mark.

GUÐRÚN GRÓA ÞORSTEINSDÓTTIR KR-konur unnu góðan sigur á Njarðvík í gær. Hér leynir einbeiting Gróu sér ekki þegar hún brunar af stað í sókn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

VÍSIR.IS

RAFRÆNNA SKILRÍKJA

ÚRSLITIN Á HM

Milliriðill eitt

Ísland-Spánn	24-32 (10-20)
Ungverjaland-Þýskaland	27-25 (10-12)
Noregur-Frakkland	26-31 (14-17)

STAÐAN Í RÍÐLINUM

Frakkland	4	3	1	0	126-101	7
Spánn	4	3	1	0	118-103	7
Ísland	4	2	0	2	109-107	4
Ungverjaland	4	2	0	2	103-117	4
Þýskaland	4	1	0	3	99-107	2
Noregur	4	0	0	4	98-118	0

LEIKIR DAGSINS

Þýskaland-Noregur	Klukkan 15.15
Spánn-Ungverjaland	17.30
Ísland-Frakkland	19.45

Milliriðill tvö

STAÐAN

Danmörk	4	4	0	0	127-107	8
Svíþjóð	4	3	0	1	103-97	6
Pólland	4	2	0	2	99-101	4
Króaía	4	1	1	2	114-105	3
Argentína	4	1	0	3	92-113	2
Serbía	4	0	1	3	101-114	1

LEIKIR DAGSINS

Króaía-Pólland	Klukkan 17.15
Serbía-Argentína	19.15
Danmörk-Svíþjóð	19.15



HEINER BRAND Þjóðverjar töpuðu óvænt fyrir Ungverjum í gær. MYND/APP

HM í handbolta í gærkvöldi:

Frakkar inn í undanúrslitin

HM 2011 Frakkar fylgdu Spánverjum inn í undanúrslitin á HM í handbolta með því að vinna fimm marka sigur á Norðmönnum, 31-26, í lokaleiknum í íslenska milli-riðlinum í gærkvöldi en Spánverjar tryggðu sér farseðilinn með sigri á Íslandi. Frakkar eru þar með komnir í undanúrslit á áttunda stórmótinu í röð.

Óvæntustu úrslit dagsins voru þó 27-25 sigur Ungverja á Þjóðverjum en þau úrslit þýða að Ísland á nú á hættu að enda í fimmta sæti milli-riðilsins verði úrslitin okkur óhagstæð í dag.

Tapi Ísland fyrir Frökkum á sama tíma og Ungverjar vinna Spán og Þjóðverjar vinna Norðmenn mun íslenska liðið spila um 9. sætið á mótinu. Ísland ætti þá ekki lengur möguleika á því að komast á Ólympíuleikana í London 2012 nema með því að verða Evrópumeistari í Serbíu á næsta ári.

- óóó

Björgvin Páll Gústavsson, markvörður íslenska landsliðsins, var afar ósáttur eftir tapið á móti Spáni í gær:

Spiluðum eins og aular í fyrri hálfleik

HM 2011 Björgvin Páll Gústavsson stóð fyrir sínu í marki Íslands í gær og varði hreint frá-bærlega í síðari hálfleik. Því miður dugði það ekki til þar sem Spánverjar voru einfaldlega mun betri en Íslendingar og flengingin í fyrri hálfleik dugði þeim til sigurs.

„Við gerum okkur erfitt fyrir og spilum eins og aular í 30 mínútur. Við gerum ekkert af því sem lagt var upp með. Sóknarleikurinn er hræðilegur. Við hendum boltanum til þeirra og þeir skora tíu hraðaupphlaupsmörk í fyrri hálfleik. Það er fíranlegt hjá okkur að leyfa þeim það. Þetta er gott lið sem refsar fyrir öll mistök,“ sagði Björgvin Páll hundsvektur eftir leikinn.

„Ég hélt að menn væru búnir að ná sér eftir Þjóðverjaleikinn. Við brotnum um leið og við lendum í vandræðum. Föllum að gefa þeim mörk á ódýran hátt,“ sagði Björgvin Páll, en hann er alls ekki búinn að leggja árar í bát þótt illa ári.

„Við verðum að rífa okkur upp og berjast fyrir stoltið, okkur, þjóðina og fólkið í stúkunni. Það er Ólympíusæti í húfi og við ætlum okkur að fá það sæti.“

- hbg



BJÖRGVIN PÁLL Varði tíu skot í seinni hálfleik, þar af tvö vítaköst, en það var ekki nóg því staðan var svo slæm eftir fyrri hálfleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MARTRÖÐ Í FYRRI HÁLFLEIKNUM

HM-draumur strákanna okkar er að breytast í martröð. Strákarnir töpuðu öðrum leiknum í röð í gær og voru teknir í bakaríið af sterkum Spánverjum í fyrri hálfleik. Þá náði Spánn mest ellefu marka forystu.

HM 2011 Spánn vann sanngjarnan átta marka sigur, 24-32, á Íslandi í gær. Leikurinn kláraðist í fyrri hálfleik en eftir hann var Spánn með tíu marka forskot, 10-20.

Íslenska liðið var að elta allan leikinn og fyrri hálfleikurinn var hreinasta hörmung hjá strákunum. Vörnin byrjaði ágætlega en hrundi svo með miklum látum. Sóknarleikurinn var lélegur frá fyrstu sókn. Strákarnir tóku líka léleg skot og Arpad Sterbik varði eins og berserkur í marki Spánverja.

Spánverjarnir keyrðu hraðaupphlaup ítrekað í andlitið á íslensku liðinu og var ómurlagt að horfa upp á strákana sitja eftir. Það getur aldrei verið ásættanlegt að fá á sig um tíu mörk úr hröðum upphlaupum í einum hálfleik.

Forskot Spánverja jókst með hverri mínútunni og strákarnir gáfust upp allt of snemma. Það mátti sjá von- og ráðleysi úr andlitum íslensku strákanna. Þeir voru bugaðir á meðan spænsku nautabarnir dönsuðu í kringum þá. Það var átakanlegt að fylgjast með þessari uppgjöf.

Strákarnir tóku sig saman í andlitinu í hálfleik og seldu sig dýrt í síðari hálfleik. Dyggilega studdir af frábærum íslenskum áhorfendum söxuðu þeir smám saman á forskot Spánverja en náðu samt aldrei að anda ofan í hálsmálið á þeim. Munurinn var einfaldlega of mikill. Þessi leikur tapaðist í fyrri hálfleik.

Það er orðið nokkuð ljóst að íslenska liðið kemst ekki í undanúrslit þó svo að það hafi farið í milli-riðil með væna stöðu. Það eru mikil vonbrigði þar sem allt benti til þess að íslenska liðið myndi spila til verðlauna. Þjóðverjaleikurinn rotaði aftur á móti okkar menn og tapið í þeim leik virtist sitja í liðinu í gær. Strákarnir náðu ekki að rífa sig almennilega upp



fyrir úrslitaleik gegn Spánverjum, sem er áhyggjuefni.

Þeir mega þó ekki hengja haus því það er enn að miklu að keppa. Sjö efstu liðin munu vinna sér þátttökurétt í undankeppni Ólympíuleikanna. Verður áhugavert að sjá hvernig íslensku strákarnir bregðast við mótlætinu gegn Frökkum í kvöld en rífi þeir sig ekki upp munu Frakkar fara illa með þá.

Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason

fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is

EKKERT GEKK Í GÆR Alexander Petersson kemst hér lítið áleiðis gegn spænsku vörninni í leiknum í gær en myndin er táknræn fyrir gang leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísland-Spánn 24-32 (10-20)

Mörk Íslands (skot): Alexander Petersson 5 (10), Aron Pálmarsson 4 (9), Snorri Steinn Guðjónsson 3/1 (4/1), Guðjón Valur Sigurðsson 3 (5), Ólafur Stefánsson 3 (5), Ingimundur Ingimundarson 2 (2), Vignir Svavarsson 1 (1), Sverre Jakobsson 1 (1), Róbert Gunnarsson 1 (2), Arnór Atlason 1 (3).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 14/2 (41/2, 34%), Hreiðar Levy Guðmundsson 2 (7, 29%).

Hraðaupphlaupsmörk: 7 (Aron, Ingimundur, Arnór, Guðjón Valur, Ólafur, Alexander, Sverre) **Fiskuð víti:** 1 (Alexander) **Brottvísanir:** 14 mínútur.

Mörk Spánar (skot): Raúl Entreríos 6 (6), Eduardo Gurbindo 6 (11), Alberto Entreríos 5 (8), Julen Aguinagalde 4 (4), Juan Antonio García 4 (8/1), Albert Rocas 2 (2), Víran Morros 1 (1), Roberto García Parrondo 1 (2), Cristian Ugalde 1 (2), Joan Canellas 1 (2), Jose María Rodríguez 1 (3), Iker Romero 0 (1/1).


Varin skot: Arpad Sterbik 17 (41/1, 41%)

Hraðaupphlaupsmörk: 7 (García 3, Parrondo, Ugalde, Morros, Gurbindo)

Fiskuð víti: 2 (Rocas, Aguinagalde) **Brottvísanir:** 8 mínútur.

Baráttukveðjur frá VÍS!

Strákarnir okkar eru svo skemmtilega ólíkir og okkur þykir óskaplega vænt um þá alla. VÍS er stoltur styrktaraðili íslenska landsliðsins á HM í Svíþjóð.



Sterkur leikur



Íbúfen®

– *Bólqueyðandi og verkjastillandi*

Notkunarvið: Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt.
Varúðarreglur: Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lífrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- eða nýrnasjúkdóm á ekki að nota lyfið. Fólk sem fengið hefur astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetylsalicylsýru eða annarra bólqueyðandi lyfja á ekki að nota lyfið. Gæta þarf varúðar við gjöf lyfsins hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða með sögu um slík sár, aukna blæðingartilhneigingu eða helluroða (SLE). Einnig hjá sjúklingum með veilt hjarta, nýrna- eða lífrarsjúkdóm, sérstaklega ef meðhöndlað er með þvagræsilyfi samtímis, þá þarf að fylgjast með mögulegri minnkaðri nýrnastarfsemi og vökvasöfnun. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingarópægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk.
Skammtastærðir: Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki er mælt með stærri dagskammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamspunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Lyfið skal geymt þar sem börn hvorki ná til né sjá. Nóvember 2010.

 **actavis**
hagur í heilsu

> **Joseph Gordon-Levitt**

„Leikarar voru einu sinni ekkert merkilegir. Fyrir hundrað árum voru leikhúsin við hliðina á vændishúsum.“

Joseph Gordon-Levitt leikur ungan mann sem rannsakar dularfullt hvarf fyrrverandi kærustu sinnar í spennumyndinni Brick sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ROALD EYVINDSSON FERÐAST MEÐ ANDREU JÓNS UM VEGI LANDSINS

Leynivinkona sem segir sex

Maðurinn minn þarf starfs síns vegna að ferðast mikið til útlanda og mér er það ljúft og skylt að sækja hann á völinn. Þótt vissulega sé ávallt tilhlökkunarefni að sækja betri helminginn getur verið alveg hundfúlt og óttalega einmanalegt fyrir félagsveru eins og mig að keyra suður með sjó, sérstaklega í vonsku-veðri og kolniðamyrkri.

Sem betur fer á ég góða og óeigingjarna vinkonu sem er oft tilbúin til að stytta mér stundir á þessari löngu og leiðinlegu leið með áhugaverðum sögum, sem hún segir frá á sinn sérstaka máta og með svolítið kynþokkafullri rödd. Já, hún Andrea Jóns á Rás tvö er sko besti ferðafélagi sem hægt er að hugsa sér þegar leiðin liggur



um vegi landsins og fær mann til að gleyma stað og stund með lifandi frásögnum af tónlistarmönnum í nútíð og fortíð, stjörnum og minni spámönnum, sem ég hef ekki hundsvit á en nýt þess ávallt jafn mikið að heyra um.

Þetta er innileg og kannski svolítið persónuleg stund sem við skötuhrjúin eigum þarna saman í bílnum og þegar leiðir skilja úti á velli, gæti ég þess að afmá alltaf vandlega öll ummerki um þennan heillandi farþega, skipti um rás og lækka niður í útvarpinu áður en ég geng inn í flugstöðina og tek á móti mannum mínum með bros á vör.

FLOTT Varla er hægt að hugsa sér skemmtilegri ferðafélaga en Andreu Jóns.

 SJÓNVARPIÐ

- 16.15 Töfrar Tælands - Land** broanna (1:3) (e)
 - 16.50 Þýski boltinn** (e)
 - 17.50 Tákn málsfréttir**
 - 18.00 Friðþjófur forvitni** (20:20)
 - 18.23 Skúli skelfir** (25:52)
 - 18.34 Kobbi gegn kisa** (11:13)
 - 19.00 Fréttir**
 - 19.30 Veðurfréttir**
 - 19.35 Kastljós**
 - 20.05 Skólaklíkur** (2:12) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright vik vorið 2010. Í fimm þáttum kynnumst við ólíkri nálgun þriggja listamanna og skoðum tvö þemu sem voru áberandi.
 - 20.55 Myndheimur Unnars Arnar** (3:5) Þáttaröð um íslenska ljósmyndun eins og hún birtist á sýningum á Listahátíð í Reykjavík vorið 2010. Í fimm þáttum kynnumst við ólíkri nálgun þriggja listamanna og skoðum tvö þemu sem voru áberandi.
 - 21.25 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. Gestir þáttarins eru um margt ólíkir og koma alls staðar að úr samfélaginu.
 - 22.00 Tíufréttir**
 - 22.10 Veðurfréttir**
 - 22.15 Dauðir rísa** (6:12) Breskur saka-málaflokkur um Peter Boyd og félag hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Hver saga er sögð í tveimur þáttum.
 - 23.10 Árekstur** (2:5) (e)
 - 23.55 Kastljós**
 - 00.25 Fréttir**
 - 00.35 Dagskrárlök**
- BÍÓ**
- 06.20 Brick**
 - 08.10 Leonard Cohen: I'm Your Man**
 - 10.00 The Spiderwick Chronicles**
 - 12.00 School for Scoundrels**
 - 14.00 The Spiderwick Chronicles**
 - 16.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
 - 18.00 School for Scoundrels**
 - 20.00 Brick**
 - 22.00 The Number 23**
 - 00.00 Chronicle of an Escape**
 - 02.00 The Kite Runner**
 - 04.05 The Number 23**

 STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2**
- 08.15 Oprah**
- 08.55 Í finu formi**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 The Doctors**
- 10.15 The Amazing Race** (7:11)
- 11.00 The New Adventures of Old Christine** (1:22)
- 11.25 Wonder Years** (1:6)
- 11.50 Tim Gunn's Guide to Style** (7:8)
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 So You Think You Can Dance** (8:23)
- 14.20 So You Think You Can Dance** (9:23)
- 15.05 Sjáðu**
- 15.35 Ben 10**
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2**
- 17.10 Bold and the Beautiful**
- 17.33 Nágrannar**
- 17.58 The Simpsons**
- 18.23 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.47 Íþróttir**
- 18.54 Ísland í dag**
- 19.11 Veður**
- 19.20 Two and a Half Men** (8:24)
- 19.45 The Big Bang Theory** (8:17)
- 20.10 Modern Family** (9:24)
- 20.30 Two and a Half Men** (14:22) Sjö-unda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan.
- 20.55 Chuck** (11:19)
- 21.40 Burn Notice** (6:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda.
- 22.25 Daily Show: Global Edition**
- 22.55 Gossip Girl** (11:22)
- 23.40 Hawthorne** (8:10)
- 00.25 Medium** (17:22)
- 01.10 Nip:Tuck** (15:19)
- 01.55 Grandma's Boy**
- 03.30 Chuck** (11:19)
- 04.15 Burn Notice** (6:16)
- 05.00 Modern Family** (9:24)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag**

 SPORT besta sætið

- 07.00 Samantekt**
- 08.00 Samantekt**
- 09.00 Samantekt**
- 12.40 Ungverjaland - Þýskaland**
- 14.05 Samantekt**
- 15.05 Þýskaland - Noregur** Bein útsending frá leik Þjóðverja og Norðmanna í milliriðli 1 á HM í handbolta.
- 17.05 Króatía - Pólland** Bein útsending frá leik Króata og Pólverja í milliriðli 2 á HM í handbolta.
- 18.45 Upphitun** Bein útsending. Þorsteinn J. og handboltasérfræðingar hans hita upp fyrir leik Íslendinga og Frakka á HM í handbolta.
- 19.35 Frakkland - Ísland** Bein útsending frá leik Íslendinga og Frakka í milliriðli 1 á HM í handbolta.
- 21.15 Samantekt** Bein útsending. Þorsteinn J. og gestir hans fara yfir leik Íslendinga og Frakka.
- 22.15 Danmörk - Svíþjóð**
- 23.40 Enska deildabíkarinn: Arsenal - Ipswich**
- 01.25 Frakkland - Ísland**
- 02.50 Samantekt**

 SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Bolton - Chelsea**
- 14.25 Everton - West Ham** Útsending frá leik Everton og West Ham í ensku úrvals-deildinni.
- 16.10 Wolves - Liverpool** Útsending frá leik Wolves og Liverpool í ensku úrvals-deildinni.
- 17.55 Premier League Review 2010/11**
- 18.50 Football Legends** Í þessum þætti verður fjallað um hinn feykilega skemmtilega portúgalska leikmann, Figo.
- 19.20 Blackpool - Man Utd.** Bein útsending frá leik Blackpool og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.30 Wigan - Aston Villa** Útsending frá leik Wigan og Aston Villa í ensku úrvals-deildinni.
- 23.15 Enska mörkin 2010/11**
- 23.45 Blackpool - Man Utd.**
- 01.30 Wigan - Aston Villa**

 SKJÁREINN

- 08.00 Dr. Phil** (98:175)
- 08.45 Rachael Ray** (174:175)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist**
- 15.50 90210** (12:22)
- 16.35 Rachael Ray** (175:175)
- 17.20 Dr. Phil** (99:175)
- 18.05 Got To Dance** (3:15)
- 18.55 Real Hustle** (15:20)
- 19.20 America's Funniest Home Videos** (27:50)
- 19.45 Whose Line Is It Anyway?** (17:39)
- 20.10 Survivor** (8:16)
- 21.00 How to Look Good Naked** (10:12) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubríöst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar.
- 21.50 The Good Wife - NÝTT!** (1:23) Önnur þáttaröð The Good Wife þar sem Alicia er hin góða eiginkona. Þættirnir sem skarta stórleikkonunni Julianna Margulies slógu rækilega í gegn á síðasta ári.
- 22.40 Jay Leno** (185:260) Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.25 CSI** (2:22)
- 00.15 Flashpoint** (17:18) Spennandi þáttaröð um sérseitt lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest.
- 01.00 Worlds Most Amazing Videos** (10:13)
- 01.45 Good Wife** (1:23)
- 02.30 Pepsi MAX tónlist**
- 06.00 Pepsi MAX tónlist**

 SKJÁRGOLF

- 11.40 Golfing World** (5:240)
- 13.20 Bob Hope Classic** (2:5)
- 16.20 PGA Tour Yearbooks** (10:10)
- 17.10 Golfing World** (6:240)
- 18.00 Golfing World** (7:240)
- 18.50 PGA Tour - Highlights** (3:45)
- 19.45 Abu Dhabi Golf Championship** (2:2)
- 23.45 Golfing World** (7:240)
- 00.30 Golfing World** (6:240)
- 00.35 ESPN America**
- 06.00 ESPN America**

 EXTRA

- 19.30 The Doctors**
- 20.15 Gossip Girl** (21:22) Þriðja þáttaröðin um líf unga og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2**
- 21.25 Ísland í dag**
- 21.50 Undercovers** (8:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrr-um CIA-njósnarar og reka nú litla veislubjónustu í Los Angeles, líf þeirra tekur stakkaskiptum þegar leyniþjónustan hefur samband kallar þau aftur til starfa.
- 22.35 The Deep End** (6:6) Áhrifarklár þáttaröð um fimm unga og ákafa lögreglinga og þeirra baráttu í að ná árangri á virti lögreglistofu.
- 23.15 Tripping Over** (2:6) Áhrifamiklir og ævintýralegir þættir um þrjá vini sem búa í London og tvo vini sem búa í Sydney, hvor-ugur hópurinn þekkir hinn en foreldrar þeirra þekkja. Vinahóparnir ákveða að ferðast hvor til lands annars en hittast fyrst í Bangkok þar sem ákveðin atburðarás breytir lífi þeirra.
- 00.05 The Bill Engvall Show** (7:8)
- 00.30 Gossip Girl** (21:22)
- 01.15 The Doctors**
- 01.55 Sjáðu**
- 02.20 Fréttir Stöðvar 2**
- 03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

 N4

- 18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
- 19.00 Fróðleiksmólinn**
-  **INN**
- 20.00 Hrafnaping** Við skoðum ótrúlega grósku í kvikmyndagerð.
- 21.00 Svartar tungur** Premeningarnir komnir á kaf í þingstörf.
- 21.30 Græðlingur** Gurý og co.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**
-  **OMEGA**
- Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM					
FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,9 Lindin
					FM 105,5 Útvarp Boðun

ÍSLENSKA SÍJA.S IS ICE 53251 01/11

ÓLÝSANLEG LÝSING Á STÖÐ 2 SPORT 4

ÍSLAND – FRAKKLAND Í DAG KL. 19:15

UPPLIFÐU LEIKINN Á NÝJAN HÁTT ÞEGAR SVEPPI STJÓRNAR BEINNI LÝSINGU Á IBS.IS OG STÖÐ 2 SPORT 4.



VERTU VINUR
ÍBS Á FACEBOOK





Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 19.35

Ísland - Frakkland



Bein útsending frá leik Íslands og Frakklands á HM í handbolta. Þetta er lokaleikur liðanna í milliriðli og nú er að duga eða drepast. Frakkar eru núverandi Ólympíu-, Evrópu- og heimsmeistarar og hafa verið nær ósigrandi undanfarin ár en „strákarnir okkar“ eru til í slaginn. Áfram Ísland!

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlarp hefst

06.40 Veðurfregnir

06.50 Bæn

07.03 Vitt og breitt

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.05 Morgunund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.00 Fréttir

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnir

10.13 Eyðeyjan

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Hádegisútlarpíð

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Skáli

14.03 Hendingar

15.03 Útlarpssagan: Höll minninganna

15.25 Málstofan

16.00 Síðdegisfréttir

16.05 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.20 Auglýsingar

18.21 Spegillinn

18.50 Veðurfregnir

18.53 Dánarfregnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Friðhelgi

21.20 Trío

22.05 Veðurfregnir

22.10 Orð kvöldsins

22.20 Fimm fjórðu

23.05 Matur er fyrir öllu

00.05 Næturútlarp Rásar 1

BBCentertainment

13.55 Whose Line Is It Anyway?

14.20 Whose Line Is It Anyway?

14.45 Only Fools and Horses

15.15 Only Fools and Horses

15.45 Doctor Who

16.30 New Tricks

17.20 Deal or No Deal

17.55 Deal or No Deal

18.30 Only Fools and Horses

19.00 Only Fools and Horses

19.30 The Catherine Tate Show

20.00 Last of the Summer Wine

20.30 Monarch of the Glen

21.20 Catterick

21.50 Whose Line Is It Anyway?

22.15 Whose Line Is It Anyway?

22.40 New Tricks

23.35 EastEnders

00.05 The Catherine Tate Show

00.35 Last of the Summer Wine

DR1

11.10 Horisont

11.35 Dig og mig

12.00 By på Skrupp

12.30 Den lille forskel

13.00 Solens mad

13.30 De Forældreløses kor

14.00 DR Update - nyheder og vejr

14.05 Aftenshowet

15.00 Noddy

15.10 Rasmus Klump

15.15 Babar

15.30 Lille Nørd

16.00 Landsbyhospitalet

16.50 Det søde liv

17.00 Vores Liv

17.30 TV Avisen med Sport

18.05 Aftenshowet

19.00 Kender du typen

19.30 Undercover chef - CRH- Concrete

20.00 TV Avisen

20.25 Kontant

20.50 SportNyt med VM Håndbold

21.10 Irene Huss. Nattevagt

22.40 Robin Hood

23.25 Godnat

NRK1

12.05 Aktuelt

12.35 Unix

13.00 NRK nyheter

13.05 Puls

13.35 Perspektiv. Og nå. Reklame!

14.00 NRK nyheter

14.10 Dallas

15.00 NRK nyheter

15.10 Kjendisbarnevaktin

15.50 Filmavisen

16.00 NRK nyheter

16.10 På tro og are

16.40 Oddasat - nyheter på samisk

16.55 Nyheter på tegnspråk

17.00 Førkveld

17.40 Distriktsnyheter

18.45 Ut i naturen

19.15 Det første steget

19.45 Extra-trekning

19.55 Distriktsnyheter

20.30 Snøballkrigen

21.10 The Pacific

22.00 Kveldsnytt

22.15 Lydverket

22.45 Lyngbø og Hærlands Big Bang

23.35 Skavian

SVT 1

10.15 Fråga doktorn

11.00 Rapport

11.05 Guldbaggen 2011

13.05 Plus

14.10 Gomorron Sverige

15.00 Rapport

15.05 Båt, bössa, bär och bröd

15.30 På spåret

16.30 Sverige idag

16.55 Sportnytt

17.00 Rapport med A-ekonomi

17.10 Regionala nyheter

17.15 Go'kväll

18.00 Kulturnyheter

18.15 Regionala nyheter

18.30 Rapport med A-ekonomi

19.00 Kören

20.00 Veckans brott

21.00 Dox

22.30 En idiot på resa

23.15 Louise

00.50 Guldbaggen 2011

03.15 Kören

04.15 Go'kväll

05.00 Rapport

SPORT

besta sætið

vodafone

ICELANDAIR

VR

Arion banki

Í KVÖLD KL. 19:35

ÍSLAND – FRAKKLAND

HM

Í HANDBOLTA

SWEDEN 2011

SJÁÐU ALLT UM HM Í HANDBOLTA Á VISIR.IS

TÖKUM HÖNDUM SAMAN OG STYÐJUM STRÁKANA OKKAR TIL SIGURS! ÞÚ STYRKIR HSÍ UM 2.000 KR. MEÐ ÞVÍ AÐ HRINGJA Í SÍMA 907–1020

Stöð 2 Sport styður Strákana okkar. Hluti af áskriftargjaldi rennur til íslenska landsliðsins í handbolta.

ALLIR LEIKIR ÍSLANDS SÝNDIR Í HD!

Þorsteinn J & gestir fyrir og eftir alla leiki Íslands

ÞRIÐJUDAGUR 25. JANÚAR

15:05

Þýskaland – Noregur

17:05

Króatía – Pólland

19:35

Frakkland – Ísland

22:15

Danmörk – Svíþjóð (sýnt með seinkun)

28. jan.

Undanúrslitaleikir

30. jan.

Leikur um bronsverðlaun

30. jan.

Úrslitaleikur

VILÐARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

SPORTSPORTSPORTSPORTSPORT

512 5100 STOD2.IS VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN! – SÍÐASTA VÍKA LAGERSÖLUNNAR!

LAGERSALA

MÚRBÚÐARINNAR

SMIÐJUVEGI 72

í Kópavogi (hjá Sólningu)

Opið kl. 13-18 mánud.- föstud. laugardaginn 29. jan. kl. 10-16

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

✓ Flísar og parket

✓ Hreinlætistæki

✓ Rafmagnsverkfæri

✓ Stálvaskar

MIKIÐ ÚRVAL

MÚRBÚÐIN

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Mér finnst besti bitinn vera á Frú Berglaugu. Ódýrt og hrikalega gott, sérstaklega „gamaldags“ maturinn, eins og kjötsúpan og plokkfiskurinn.“

Erlingur Grétar Einarsson, ritstjóri Mynda mánaðarins.

Leggur stuðsamning fyrir bærarstjórn

„Hugmyndin er að ef við náum ekki að redda nógu mörgum styrkjum sé bærinn tilbúinn til að hlaupa undir bagga með eitthvað,“ segir tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, oftast kallaður Mugison.

Óvissa hefur ríkt um framtíð tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður, sem hefur verið haldin á Ísafirði um páskana síðustu ár. Mugison og félagar lögðu sérstakan stuðsamning fyrir bærarstjórn á föstudag, en í honum felst meðal annars að Ísafjarðarbær styrki hátíðina á hverju ári. „Hluti af þreytunni í mannskapnum snýst um að við erum alltaf á byrjunarreit á hverju ári með fjármögnun,“ segir hann. „Krónutalan þarf ekki að vera há, þetta er allt gert í sjálfbodavinnu. Þetta er aðallega stuðsamningur því við viljum fá Vestfirðinga inn í þetta.“

Mugison telur þó að bærinn sé til að skoða málið *helvíti* vel. „Þetta er goðsagnakenndur samningur,“ segir hann. „Ég setti inn í fyrstu grein að bærarstjóri og bærarfulltrúar eigi að vera í bullandi, sullandi stuði alla páskana. Enn fremur eigi þeir að gera allt til að smita aðra bæjarbúa af gleði sinni og ást.“

Með þessu vill Mugison virkja bærarstjórn til þátttöku í hátíðinni. „Ég vil fá bæjarráðið og bærarstjóra til að taka að sér hópastjórn, elda morgun-

ALLIR Í STUÐI Mugison, einn af skipuleggjendum tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður, biður nú eftir viðbrögðum við stuðsamningi sem hann lagði fyrir bærarstjórn Ísafjarðarbæjar.

mat ofan í poppara og jafnvel ættleiða þá þannig að dvöl þeirra verði algert himnaríki. Þetta fólk er náttúrulega að gefa vinnu sína og tíma.“

Mugison segist hafa fengið jákvæð viðbrögð við stuðsamningnum, þótt engin svör hafi borist. „Ég hef ekki heyrt neitt,“ segir hann. „Ég fékk reyndar einn tölvupóst og í honum stóð „allir í stuði“. Það er mjög jákvætt.“

Ekki náðist í Daniel Jakobsson, bærarstjóra Ísafjarðarbæjar, við vinnslu fréttarinnar.

- afb



FRÉTTIR AF FÓLKI

Vinsældir **Franks Hvam** og Caspers og Klovn-kvikmyndarinnar virðast síst í rénun hér á landi. Um 35 þúsund manns hafa nú borgað sig inn á myndina í bióhúsum. Þessar vinsældir hafa komið jafnvel bjartsýnustu mönnum á óvart og spádómar um að myndin jafni aðsóknina að Stieg Larsson myndinni Karlar sem hata konur, sem fékk um 50 þúsund áhorfendur, virðast alls ekki svo langsóttar. Um tíu þúsund manns hafa nú séð Gauragang í bióhúsum og yfir fjögur þúsund gestir hafa sótt Rokland.

Stóra stundin rennur upp í dag hjá **Jóni Þór Birgissyni** þegar í ljós kemur hvort lagið hans, Sticks and Stones, hlýtur tilnefningu til Óskarsverðlaunanna. Lagið hljómaði í kvikmyndinni How to Train Your Dragon og vakti talsverða athygli á síðasta ári. Jónsi, sem gaf út fyrstu sólóplötu sína í fyrra, keppir við Chris Martin, söngvara Coldplay, sem samdi eitt af 41 lagi sem valið verður úr. Aðeins fimm lög hljóta tilnefningu. Meðal kunnra flytjenda sem Jónsi keppir við eru Eddie Vedder, söngvari Pearl Jam, og táningsstjarnan Justin Bieber.

- fb



LOVÍSA ELÍSABET: ÉG ER EKKI NÓGU GÓÐ Í AÐ SEMJA ÍSLENSKA TEXTA

Lay Low gerir plötu við ljóð íslenskra kvenskálda

„Ég er mjög spennt því mig hefur lengi langað til að gera íslenska plötu, en ég er ekki nógu góð í að semja íslenska texta,“ segir tónlistarkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, best þekkt sem Lay Low.

Lovísa vinnur nú að þriðju breiðskífunni sinni, en sú síðasta kom út árið 2008. Ljóð íslenskra kvenskálda á borð við Vilborgu Dagbjartsdóttur, Margréti Jónsdóttur og Huldu verða í hlutverki á plötunni, en Lovísa vinnur að því að semja við þau lög. „Ég er að lesa nánast allar ljóðabækur eftir íslenskar konur sem ég kemst yfir,“ segir hún. „Ef það eru einhver ljóð sem snerta mig eða eru áhugaverð tek ég þau frá og safna í bunka. Svo þegar ég er í stuði reyni ég að semja lög við ljóðin. Ég er komin með slatta af lögum og ætla að semja ennþá meiri slatta og velja þau góðu á plötu.“

Lovísa hyggst gefa plötuna út á árinu og upptökur hefjast í maí. Eins og síðasta plata hennar verður þessi tekin upp á segulband, en upptökustjórinn Magnús Árni Øder vinnur að því að koma sér upp aðstöðu til að taka upp á segulband í hljóðverinu Orgelsmiðjunni.

Ljóðabækurnar hefur Lovísa fundið á bókasöfnum og í forn-bókabúðum. Hún segist hafa fundið margar bækur eftir konur sem hún hafði ekki hugmynd að væru til. „Ég er búin að lesa ansi mörg ljóð og á helling eftir. Þetta er líka rosalega gaman því ég er komin með hliðaráhugamál í kringum þetta: að safna bókunum,“ segir Lovísa og bætir við að heim-sóknirnar til Braga bókasala á Klapparstíg hafi verið sérstaklega skemmtilegar. „Hann er alltaf að spyrja mig af hverju ég sé alltaf að kaupa allar ljóðabækurnar hans,“ segir Lovísa og hlær.

Sum ljóðanna sem Lovísa hefur valið eru meira en 100 ára gömul og hún segir áhugavert að blanda þeim saman við popptónlist nútímans. Hún er byrjuð að hafa sam-band við rétthafa ljóðanna sem hún er búin að semja lög við og segir þá hingað til hafa tekið sér mjög vel. „Það gæti vel verið að einhver segði nei, en ég hef ekki lent í því enn þá,“ segir Lovísa að lokum í léttum dúr.

atlifannar@frettabladid.is



LEITAR AÐ FJÁRSJÓÐUM Lovísa Elísabet, Lay Low, leitar nú að ljóðum eftir íslensk kvenskáld sem hún semur síðan lög við.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

★★★★★

„Critics choice“
Time Out, London

★★★★★

„Þessi leiksyning hefur allt sem þarf til að skapa vel heppnað og eftirminnilegt leikverk.“
I.P., Mbl.

FAUST

AUKASÝNINGAR Á ÍSLANDI VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX SÝNT Í JANÚAR

VesturPort

Borgarleikhúsið

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Íslenskri nýklassík hampað

Íslenskir flytjendur eru áberandi í heilsíðuumfjöllun á menningarsíðu breska blaðsins Sunday Times um síðustu helgi. Þar er fjallað um nýja tegund lagahöfunda sem notast við sígilda tónlist í sköpun sinni. Einnig er rætt um að lagahöfundar þurfi ekki lengur að vera á sama stað ætli þeir að semja saman lög eða taka þau upp. Þar hafi netið komið inn í staðinn.

Á meðal þeirra sem beint er sjónum að í greininni eru hljómsveitirnar Amiina og Sigur Rós, tónlistarmennirnir Ólafur Arnalds og Jóhann Jóhannsson og fyrirtækið Bedroom Community með þá Valgeir Sigurðsson og Nico Muhly innanborðs.

Spjallað er við Ólaf Arnalds þar sem hann lýsir sinni tónlistarsköpun. „Tónlist mín á rætur sínar að rekja til sígildrar tónlistar en einnig til alls konar nútímalegrar tónlistar, enda hef ég hlustað á popp-, raf- eða danstónlist allt mitt líf,“ sagði Ólafur. Hann telur tónlist sína ekki passa inn í hefðbundna skilgreiningu á sígildri tónlist, nema þá staðreynd að hann notist við sígild hljóðfæri þegar hann flytur lög sín. Hann vill frekar skilgreina tónlistina sem nýklassík eða síðklassík.

Greinin í Sunday Times er enn ein rósín í hnappa-



AMIINA Hljómsveitin er til umfjöllunar í stórrí grein í Sunday Times.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gat íslenskrar tónlistar, sem hefur átt vaxandi fylgi að fagna erlendis á undanförunum árum.

- fb



Stjörnum prýddar sýningar

Elsku barn: **Nístandi saga um sannleika og lygi**



„Gríðarlega áhrifarík og fagmannlega unnin sýning“ - ÍP, Mbl

„Frábær sýning!“ - EB, Fréttablaðið

„Snertir mann inn í kviku... snilldarlega skrifað“ - BS, pressan.is

„Vel heppnuð og beitt uppfærsla og áhrifin sitja eftir þegar heim er komið“ - SG, Víðsjá RÚV

„Alveg hörkusýning... rosalega sterk - ein áhrifamesta sýning sem ég hef séð lengi“ - LL, RÚV

pri. 25/1 kl. 20	UPPSELT	mið. 9/2 kl. 20
mið. 26/1 kl. 20	UPPSELT	fim. 10/2 kl. 20 örfá sæti
sun. 30/1 kl. 20	UPPSELT	mið. 16/2 kl. 20
mið. 2/2 kl. 20	örfá sæti	fim. 17/2 kl. 20
fim. 3/2 kl. 20	örfá sæti	

Snarpur sýningartími!

Fjölskyldan: **Stórbrotin leikhúsveisla**



„Stjörnurnar skína á Stóra sviði Borgarleikhússins“ - GB, Mbl

„Sigur leikstjórans Hilmi Snæs sem fær þetta til að virka svona skínandi vel“ - JVJ, DV

„Stjörnuleikur sem endar með flugeldasýningu“ - BS, pressan.is

„Unnin af mikilli og aðdáunarverðri fagmennsku“ - MK, eyjan.is

GRÍMAN 2010:
LEIKSTJÓRI ÁRSINS
LEIKKONA ÁRSINS
LEIKMYND ÁRSINS
LÝSING ÁRSINS



lau. 29/1 kl. 19	örfá sæti	fös. 11/2 kl. 19
fös. 4/2 kl. 19	örfá sæti	lau. 19/2 kl. 19
lau. 5/2 kl. 19	örfá sæti	sun. 27/2 kl. 19

Sýningum lýkur í febrúar



Borgarleikhúsið

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is





Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Klappað fyrir Ólafi

Kvikmyndin Another Happy Day var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í gær. Ellen Barkin og Demi Moore eru á meðal þeirra sem fara með hlutverk í myndinni en hinn snjalli **Ólafur Arnalds** sá um tónlistina. Ólafi tókst vel til ef marka má viðbrögð áhorfenda á frumsýningunni sem klöppuðu sérstaklega fyrir honum þegar nafn hans var lesið upp. Ólafur er að vonum ánægður með viðbrögðin. Hann þurfti að leggja sig allan fram við að semja tónlistina, enda fékk hann stuttan tíma til að semja hana.



Tónelskur ráðherra

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra mætti á tónleika brasilísku söngkonunnar Jussanám Dejah á Café Haiti við gömlu höfnina í höfuðborginni á föstudagskvöld. Það er svo sem ekki í frásögu færandi nema fyrir þær sakir að Dejah hefur barist gegn því að vera vísað úr landi um nokkurt skeið og bauð hún Ögmundi, sem hefur þau mál sem



áður heyrðu undir dómsmálaráðuneytið á sinni könnu, á tónleikana. Ögmundur sat og hlýddi á nokkur lög en hvarf að þeim loknum á braut.


- afb, - jab

Mest lesið

VÍSIR.IS

- 1 Enn haldið sofandi í öndunarvél
- 2 Illa haldin af Tourette – Bjart-sýn á framtíðina
- 3 Nafn mannsins sem lést
- 4 Hrína vændismála inn á borð lögreglu
- 5 Enn alvarlega veik á gjör-gæslu vegna svínafleusu

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...
Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

Fyrstur kemur
fyrstur fær

ÚTSALA


Gerið gæða- og verðsamanburð

Takmarkað
magn

6 mánaða
vaxtalaugar
greiðslur


SAGA OG ÞÓR

Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**



10.000 kr. vörukaup
fylgja öllum
heilsurúmum.

(Gildir ekki
með öðrum tilboðum)



BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Svefnsofi **169.900**
Hægindastóll **79.900**

**20-70%
AFSLÁTTUR**

Skiptidýnur,
útlitsgallaðar dýnur og
sýningardýnur.
Lök, hlífðardýnur, pífur,
sængurverasett og fleira.



Svefnsofi

með tungu hægri/vinstri og
geymslu Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð **199.000**
Nú 99.500



Baldursnesi 6

AKUREYRI



www.svefn.is



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00